


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Allt
Híbýli og viðhald
Fasteignir





Margslungin!
Ný bók eftir Paulo Coelho
JPV ÚTGÁFA






# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Mánudagur
8. nóvember 2010
262. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




**Ekkert verður bannað**
*Hlín Einars ritstýrir nýjum kvennavef.*
fólk 26

**Skipulagsfræðingafélag Íslands 25 ára**
*Veita verðlaun á Alþjóðlega skipulagsdeginum.*
tímamót 14



**Grétar Rafn sá um Bale**
*Grétar Rafn Steinsson var á skotskónum gegn Totttenham um helgina.*
sport 22

**veðrið í dag**



**DREGUR ÚR VINDI** þegar líður á daginn. Rigning eða slydda norðaustan- og austanlands en slydduél norðvestan til. Bjart eða nokkuð bjart sunnan- og vestanlands.
VEÐUR 4



**HARMÓNIKKUBALL Í VÍKINNI** Félagar í Harmóníkkufélagi Reykjavíkur léku fyrir dansi á balli sem fram fór í Betri stofu Sjóminjasafnsins í gærdag, í annað skiptið í haust. Hægt verður að dansa undir harmónikkuleik fyrsta sunnudag í mánuði í allan vetur í Víkinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# Útskrifa lögfræðinga án grunnþekkingar

**Formaður Lögmannafélags Íslands hefur áhyggjur af mismunandi kröfum til grunnmenntunar í lögfræði í háskólunum. Hann segir útskrifaða lögfræðinga falla í stórum stíl á lögmannaprófi og að brautskráð sé án grunnþekkingar.**

**MENNTAMÁL** „Ég hef áhyggjur af því hvort menntun lögfræðinga sé í öllum tilvikum nógu góð,“ segir Brynjar Níelsson, hæstaréttarlögmaður og formaður Lögmannafélags Íslands.

„Útskrifaðir lögfræðingar sem við erum að fá í lögmannapróf til að öðlast lögmannsréttindi, eru að falla í stórum stíl, sem er ekki nógu gott,“ segir Brynjar sem telur nauðsynlegt að gerð verði úttekt á laganámi hér á landi. Athuga þurfi hvort námið fullnægi eðlilegum kröfum sem gera eigi til slíks náms.

„Þá þurfa þeir sem vinna mikil ábyrgðarstörf hjá dómstólum og í stjórnsýslunni ekki að taka lögmannspróf,“ bætir Brynjar við.

Í formannspistli í síðasta Lögmannablaði bendir Brynjar meðal annars á að sé menntun lögfræðinga ófullnægjandi og kunnáttan lítil muni þeir sem sinna lögfræðistörfum ekki njóta trausts og trúverðugleika. Það geti haft alvarlegar afleiðingar.

**Héraðsdómslögmenn**

| Skóli | Skráðir | Náðu | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| HÍ | 193 | 137 | 71% |
| HR | 45 | 16 | 36% |
| Bifröst | 19 | 5 | 26% |
| HA | 4 | 0 | 0% |

Heimild: Prófnefnd Lögmannafélags Íslands, úr prófum til réttinda héraðsdómslögmanna árin 2005-2009

Fjórir íslenskir háskólar kenna nú grunnnám og meistaranám í lögfræði. Þeir eru Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík.

„Þessir skólar hafa haft nokkuð frítt spil,“ útskýrir Brynjar. „Þeir ráða hvaða fög þeir kenna, hver lágmarkseinkunnin er og svo framvegis. Það sem ég hef áhyggjur af er að við erum að fá hér hópa af lögfræðingum, sem hafa fengið litla eða enga kennslu í grunnfögum lögfræðinnar. Menn segja svo að markaðurinn vinsi bara úr, en hann mun aldrei stjórna þessu fullkomlega.“

Í Fréttablaðinu í mars kom fram að stór hluti þeirra sem þreyttu próf til lögmannsréttinda á árunum 2005-2009 stóðst ekki prófið.

Brynjar segir að í sum störf sé lögfræðimenntun skilyrði. Gera þurfi ráð fyrir því að í lögfræðiprófinu felist að menn geti leyst úr úrlausnarefnum sem varði oft mikla hagsmuni einstaklinga og félaga.

Engin fullvissa sé fyrir því að einstaklingar uppfylli þessi skilyrði þegar nám og kröfur fari eftir geðþótta skólastjórnenda.

„Því segi ég að það þurfi að gera nokkuð samræmdar kröfur um grunnnám í lögfræði sem allir skólar verða að hlíta. Svigrúm skólanna mætti síðan vera meira í meistaranámi,“ segir Brynjar Níelsson. - jss

Mannfræðingar spá í genin:

## Neanderdalsmenn lauslátir

**VÍSINDI Neanderdalsmenn voru lauslátari en nútímafólk. Þessu halda vísindamenn við háskólana í Liverpool og Oxford fram, og styðjast þar við steingervinga af fingurbeinum þessara forfeðra okkar.**

**Kenningin er sú að hormónar hafi bæði áhrif á fingurlengd og lauslæti. Neanderdalsmenn voru yfirleitt með lengri baugfingur en vísifingur, og það telja þessir vísindamenn benda ótvírætt til lauslætis þeirra.** - gb




Asphalia – Náttúrulegur svefn
Fæst í apótekum og heilsubúðum

Egill Árnason
ÞÝSKAR LOFTAÞILJUR
Verð frá kr. 1.990 m²
VIÐ ERUM FLUTT!
Við tökum vel á móti þér í nýju versluninni okkar að Suðurlandsbraut 20.
Suðurlandsbraut 20 | Sími: 595 0500

Ötull, dáður, umdeildur
JPV ÚTGÁFA www.forlagid.is
Kristján Jóhannsson óperusöngvari leggur spilin á borðið í áhrifamikilli ævisögu


## SPURNING DAGSINS



*Ertu þá búinn að sparka af þér skóm drekans?*

„Já, nú er ég búinn að hnýta á mig dansskóna.“

Árni Sveinsson leikstjóri var ekki viss um að gera aðra kvikmynd eftir að hann gerði Í klóm drekans sem vakti miklar deilur. Hann hefur frumsýnt tvær myndir nú í haust.

Papandreou sneri héraðskosningum upp í stuðningsyfirlýsingu við aðhald:

# Sósíalistar fengu gott fylgi

**GRIKKLAND, AP** Frambjóðendum Sósíalistaflokksins í sveitarstjórnarkosningum á Grikklandi í gær virtist ætla að ganga vel, ef marka má fyrstu tölur. Þar með minnka líkur á því að George Papandreou forsætisráðherra boði til þingkosninga.

Papandreou, sem er leiðtogi Sósíalistaflokksins, hafði fyrir kosningarnar sagst nauðbeygður til að boða til þingkosninga ef stjórnin fengi ekki góðan stuðning í sveitarstjórnarkosningunum.

Stjórnin hefur staðið í ströngum sparnaðaraðgerðum, sem bitnað hafa illa á almenningi í Grikklandi, til að draga úr fjárlagahalla og bæta skuldastöðu ríkisins.

Grikkir hafa reglulega efnt til mótmæla gegn þessum sparnaðaraðgerðum, en kosningarnar í gær gefa vísbendingu um það hvort fólk er almennt tilbúið til að láta Sósíalistaflokkinn sinna þessu starfi áfram.

Samkvæmt fyrstu tölum höfðu sjö af þrettán frambjóðendum flokksins góðar líkur á að ná sigri. Ekki var þó vitað hver endanleg viðbrögð Papandreous yrðu. - gb



**GEORGE PAPANDREOU** Forsætisráðherra Grikklands hafði hótað því að boða til þingkosninga. NORDICPHOTOS/AFP

Lántakendur ósáttir:

# Óánægja með útreikningana

**NEYTENDAMÁL** Síminn hjá talsmanni neytenda hefur varla stoppað síðustu vikur vegna óánægju fólks með endurútreikninga á gengisbundnum lánum. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Fjármálafyrirtæki voru búin að endurreikna um 30 þúsund gengisbundna lánasamninga um síðustu mánaðamót. Var þá miðað við niðurstöðu hæstaréttar frá því í september varðandi vaxtakjör. Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir símann varla hafa stoppað.



**ATKVÆÐI TALIN** Ekki er ljóst hvenær úrslit verða kynnt. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningar haldnar í Búrma:

# Litlar vonir um lýðræðisþróun

**BÚRMA, AP** Herforingjastjórnin í Búrma efndi til þingkosninga í gær, þeirra fyrstu sem haldnar hafa verið í landinu í tvo áratugi. Fáir binda þó vonir við að þessar kosningar verði til þess að lýðræði komist á í landinu.

Margir kjósendur sögðust vilja taka þátt í kosningunum til þess eins að greiða atkvæði gegn herforingjastjórninni. Kosningakerfið virtist hins vegar hannað með það í huga að völdin verði áfram að mestu í höndum herforingjanna og stuðningsmanna þeirra. - gb

Njósnir sendiráða:

# Á ekki að koma neinum á óvart

**UTANRÍKISMÁL „Í sjálfu sér er þetta ekkert sem kemur á óvart,“ segir Stefán Pálsson, sagnfræðingur og formaður Samtaka hernaðarandstæðinga, um fréttir af því að bandarísk sendiráð, þar á meðal á Norðurlöndunum, stundi það að safna upplýsingum um einstaklinga, sem sendiráðin telja sér geta stafað hætta af.**

**„Við höfum alltaf sagt að menn geti eiginlega reiknað með því hér eins og annars staðar,“ segir Stefán. „Að sumu leyti skilur maður líka að sendiráðin gangi eins langt og þau mega í þeim efnum, en oft á tíðum held ég að þáttur yfirvalda á hverjum stað sé kannski alvarlegri.“** - gb

# Rektor varar við falli samfélagsins á Bifröst

**Formaður stjórnar Bifrastar segir rektor skólans hafa skipt um skoðun á sameiningu við Háskólann í Reykjavík. Rektor segist hafa talið það skyldu sína að halda andlitinu en nú geti hann ekki meir. Óvissa er um bakland formannsins.**

**SKÓLAR** Magnús Árni Magnússon, rektor Háskólans á Bifröst, segir að samfélagið þar muni hrynja ef ekkert staðnám á háskólastigi verði á Bifröst eins og sameiningarviðræður við Háskólann í Reykjavík séu að leiða til.

Talsvert minni aðsókn var í nám á staðnum á Bifröst á þessu skólaári en verið hefur fram til þessa. Til dæmis voru engir fyrsta árs nemendur teknir í staðnám í viðskiptafræði.

„Yfirlýsing hans kemur okkur í opna skjöldu vegna þess að hann hefur staðið að þessum umræðum allt ferlið og beinlínis talað fyrir þeim,“ segir Andrés Magnússon, formaður stjórnar Bifrastar, sem ásamt Finni Oddssyni, formanni háskólaráðs Háskólans í Reykjavík, sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna þess sem þeir kalla breytta afstöðu Magnúsar til sameiningarviðræðna skólanna.

„Ég gerði stjórnarformanninum og öðrum stjórnendum grein fyrir efasemdum mínum þegar um miðjan september,“ svarar Magnús. „En ég hélt auðvitað andlitinu gagnvart starfsliði og nemendum í þessu ferli eins og ég taldi að mér bæri skylda til að gera – þangað til að ég hreinlega gat ekki meir. Stjórnarformaðurinn hefur hins vegar haft sterkari sannfæringu en ég hef haft fyrir því að þetta væri rétt leið – og í sjálfu sér ekkert við það að athuga.“

Andrés segist ekki vita hvort sú staða sem upp er komin leiði til þess að ekki geti orðið framhald samstarf hans við Magnús. „Ef það þarf mun stjórnin taka ákvörðun um það,“ segir Andrés og boðar að stjórnin muni hittast á næstu dögum.

Í yfirlýsingu Andrésar og Finns segir að óformlegum sameiningarviðræðum verði haldið áfram. „Það er ekki rétt að menn séu ennþá bara í einhverjum óformlegum þreifingum, það fer fjarri því,“ segir Magnús og bendir á að stjórn skólans hafi samþykkt í lok ágúst síðastliðinn að fara í formlegar sameiningarviðræður.

Andrés er fulltrúi Hollvinasamtaka Bifrastar í stjórn skólans. Samtökin sendu frá sér yfirlýsingu í gær um að þær forsendur sem virðist nú uppi í viðræðunum við HR séu ekki ásættanlegar.

Hlédís Sveinsdóttir, formaður stjórnar Hollvinasamtakanna, segir þau vilja halda öllum möguleikum opnum. „En ef þetta er spurning um að Bifröst renni inn í HR og verði bara með endurmenntun og frumgreinadeild þá eru viðræður á þeim forsendum ekki í okkar umboði,“ segir Hlédís.
gar@frettabladid.is



**ANDRÉS MAGNÚSSON OG MAGNÚS ÁRNI MAGNÚSSON** Formaður stjórnar og rektor Háskólans á Bifröst eru ósammála um framhald á viðræðum um sameiningu við Háskólann í Reykjavík.

Fíkniefnaakstur færist í vöxt:

# Tveir teknir á Suðurnesjum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði tvo ökumenn um helgina sem grunaðir voru um að aka undir áhrifum fíkniefna.**

**Fíkniefnaakstur hefur að sögn varðstjóra á Suðurnesjum færst í vöxt og er sá akstur þá ekki bundinn við helgar líkt og algengt er með ölvunarakstur.**

**Menn sem aka undir áhrifum fíkniefna eru þó oftast einnig undir áhrifum áfengis.**

**Einn stútur var tekinn af lögreglunni á Suðurnesjum um helgina auk þess sem lögreglan á Akureyri stöðvaði tvo ökumenn sem grunaðir voru um akstur undir áhrifum áfengis en annar þeirra endaði ökuferð sína á ljósastaur við Skógarlund.** - jma

Átak um skuldavanda:

# Greiði úr vanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja

**EFNAHAGSMÁL** Sérstakt átaksverkefni til að greiða úr skuldavanda um 6 þúsund lítilla og meðalstórra fyrirtækja verður kynnt á næstunni. Efnahags- og viðskiptaráðherra vonast til að þessi fyrirtæki fái lausn sinna mála fyrir vetrarlok. Þetta kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins í gær.

Átakið er samvinnuverkefni stjórnvalda, samtaka atvinnulífsins og samtaka fjármálafyrirtækja. Bankarnir munu flýta nauðsynlegri endurskipulagningu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í skuldavanda. Það eru fyrirtæki með heilbrigðan rekstur en erfiða skuldastöðu, sagði Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, í samtali við RÚV.


Sótthreinsun hesthúsa

FUMISPORE OPP

Eftir góða hreinsun á hesthúsinu þá er einfalt að sótthreinsa í kjölfarið með „dós“ af reyksótthreinsiefninu FUMISPORE OPP
Sótthreinsiefnið smýgur með reyknum um allt hesthúsið og ekkert svæði „gleymist“.
Vinnur vel á bakteríum og myglu.




TANDUR

www.tandur.is • sími 510 1200


Móðurlausi útselskópurinn Golli kominn í fóstur til Vestmannaeyja:

# Er rólegri en vill ekki borða

**DÝRALÍF** Útselskópurinn Golli sem gekk á land við beituskúr í Breiðdalsvík í síðustu viku er kominn til Vestmannaeyja þar sem starfsmenn á Fiska- og náttúrugripasafninu fóstra hann. Kópurinn er ungur, enn á mjólkurstigi, og verður í Eyjum þar til hann er orðinn nógu stór til að vera sleppt á haf út.

„Hann hefur það ágætt greyið þannig séð en er tregur til að borða og það er erfitt að koma fæðu ofan í hann þar sem hann er nautsterkur,“ segir Georg Skæringsson, starfsmaður safnsins og „fósturmamma“ Golla í Vestmannaeyjum.

Stappaður fiskur, blandaður með rjóma og eggjum og slurk af lýsi er settur í sprautu sem Georg segir að sé ærið verk að koma ofan í hann. „Hann geispaði áðan og þá gat ég komið einhverri hálfri sprautu upp í hann en annars vill hann ekki sjá fóðrið. Það er hins vegar ekkert annað í boði en að halda áfram að reyna að gefa honum að borða til að gera hann tilbúinn fyrir að fara út á sjó síðar meir. Við vitum ekki hversu langur tími það verður, enda fylgdi ekkert fæðingarvottorð með honum.“

Kópurinn gerði vart við sig á Breiðdalsvík með gráti og Georg segir að Golli hafi grátið mikið fyrst eftir að hann kom en sé orðinn rólegri. „Ég má klóra honum núna og klappa og það er mikill munur á honum en það væri óskandi að hann vildi borða.“ - jma



**UNIR SÉR BETUR** Úthafskópurinn Golli ásamt fóstra sínum, Georg Skæringssyni, sem hefur annast hann eftir að hann kom til Eyja. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON


VILDARÞJÓNUSTUTILBOÐ – ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
VILDARÞJÓNUSTA BYRS
Kynntu þér kostina á byr.is
Njóttu lífsins í leikhúsinu
Það er gaman að fara í leikhús. Þess vegna býðst viðskiptavinum í Vildarþjónustu Byrs 20% afsláttur af almennu miðaverði í Þjóðleikhúsið. Komdu í leikhús og njóttu þess besta.
BYR
BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is
Vertu í Vildarþjónustu Byrs og fáðu aukin fríðindi, persónulega þjónustu og sjálfvirkar lausnir sem veita þér betri yfirsýn yfir fjármálin. Þannig færðu tíma fyrir það sem skiptir máli. Að auki færðu ýmis sértilboð hjá samstarfsaðilum.
DYNAMO REYKJAVÍK

## GENGIÐ 05.11.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 109,29 | 109,81 |
| Sterlingspund | 176,72 | 177,58 |
| Evra | 154,33 | 155,19 |
| Dönsk króna | 20,701 | 20,823 |
| Norsk króna | 18,956 | 19,068 |
| Sænsk króna | 16,561 | 16,659 |
| Japanskt jen | 1,3523 | 1,3603 |
| SDR | 173,12 | 174,16 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,2034

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Barack Obama hóf tíu daga Asíuferð sína á Indlandi:

# Segist munu leiðrétta stefnuna

**INDLAND, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti segist þurfa að leiðrétta stefnu sína heima fyrir vegna kosningaúrslita, þar sem andstæðingar hans náðu meirihluta í fulltrúadeild þingsins.

Hann tók þó ekki fram hvernig hann ætli að leiðrétta stefnuna.

Þetta sagði hann á Indlandi, þar sem hann hóf tíu daga Asíuferð sína á laugardag.

Þar hitti hann í gær Manmohan Singh forsætisráðherra, sem tók á móti honum á flugvellinum í Nýju-Delí.

Fyrr um daginn, þegar Obama var í Mumbaí, ræddi hann við háskólanema, sem sögðust óánægðir með að hann skuli ekki líta á Pakistan sem hryðjuverkaríki.

Mikill fjandskapur hefur lengi ríkt milli Indlands og Pakistan, og hafa Indverjar meðal annars sakað pakistönsk stjórnvöld um að styðja við hryðjuverkamenn sem hafa gert árásir á Indlandi.

Obama sagðist vonast til þess að smám saman takist að byggja upp gagnkvæmt traust milli ríkjanna. „Það mun ekki gerast á morgun,“ bætti hann þó við. **- gb**



**OBAMA OG SINGH** Forsetar Bandaríkjanna og Indlands hittust í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Flug frá Íslandi til Grænlands:

## Verði miðstöð millilandaflugs

**SAMGÖNGUR** Íslandsstofa bindur vonir við að Ísland verði miðstöð millilandaflugs frá Grænlandi. Sendinefnd frá Íslandsstofu fer til Grænlands í vikunni til að kynna verkefnið. Mikil sóknarfæri eru fyrir íslensk fyrirtæki ef samkomulag næst um að gera Ísland að miðstöð millilandaflugs milli Grænlands og annarra ríkja, að mati Íslandsstofu. Hingað til hafa Grænlendingar og þeir sem hafa viljað sækja Grænland heim flogið í gegnum Kastrup-flugvöll í Kaupmannahöfn.

Ný könnun hjá LSH:

## Starfsánægja heldur meiri

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsánægja og starfsandi á Landspítalanum mælist heldur meiri og betri en árið 2006. Þá hefur streita aukist en að sama skapi telur starfsfólk spítalans að vinnuálag hafi nær haldist óbreytt. Þetta er meðal þess sem kemur fram í pistli Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans, á heimasíðu spítalans. Þar fjallar Björn um fyrstu niðurstöður í nýafstaðinni könnun á starfsumhverfi. Björn segir þátttöku starfsmanna í könnuninni afar góða eða tæplega 60 prósent. Þetta sé mun betri þátttaka en í fyrri könnunum. **- mmg**

Borgarstjóri gefst ekki upp:

## Stefnir enn á að fá ísbjörninn

**REYKJAVÍK Jón Gnarr borgarstjóri segir að enn sé unnið að því að fá ísbjörn í Fjölskyldu- og húsadýragarðinn og að tíðinda sé að vænta.**



**JÓN GNARR**

**Kosningaloforð Besta flokksins um ísbjörn í garðinn vakti mikla athygli í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna í vor. Margir hafa gagnrýnt loforðið og sagt að kostnaðurinn sem myndi fylgja því að koma upp aðstöðu fyrir ísbjörn í garðinum yrði einfaldlega of mikill.**

**Í byrjun júní tók Jón ekki afstöðu til þess hvort skynsamlegra væri að koma fleiri börnum inn á leikskóla í borginni eða koma upp aðstöðu fyrir ísbjörn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Hann sagðist bæði vilja ísbjörn og fleiri leikskólapláss.** **- mmg**

# Grunaður um skotárásirnar í Malmö

**Ábendingar frá almenningi urðu til þess að lögreglan handtók 38 ára mann. Hann er grunaður um sjö skotárásir undanfarið ár, þar á meðal eitt morð. Árásirnar hafa skotið íbúum skelk í bringu svo margir þora varla út úr húsi lengur.**

**SVÍÞJÓÐ** Sænska lögreglan handtók á laugardag 38 ára gamlan mann, sem talinn er vera byssumaðurinn sem skotið hefur á innflytjendur í Malmö undanfarið ár.

„Ástæðan fyrir því að við fengum áhuga á þessum manni voru ábendingar frá almenningi,“ segir Börje Sjöholm, talsmaður lögreglunnar í Malmö.

Í sænskum fjölmiðlum er haft eftir vitnum að tíu lögreglumenn hafi á laugardagskvöld ráðist inn í íbúð í Malmö þar sem maðurinn var staddur. Strax á eftir var leitað í íbúðinni og hald lagt á ýmsa muni sem bornir voru út í kössum.

Nágrannar segja manninn vera einrænan. Hann hafi mikinn áhuga á skotvopnum og reiðhjólum, en talið er að byssumaðurinn hafi notað reiðhjól til að forða sér af vettvangi. Hann er einnig sagður eiga skammbyssu með leysigeislamiði.

Hann er sænskur að uppruna og hefur ekki hlotið dóm.

Maðurinn er handtekinn vegna gruns um eitt morð og sjö morðtilraunir, en alls hafa hátt á annan tug skotárása í borginni undanfarið ár verið óupplýstur. Lögreglan hefur ekki viljað segja hverjar þeirra þessi maður er grunaður um.

Fyrsta árásin var gerð í október á síðasta ári, þegar skotið var á tvítuga konu og 21 árs gamlan mann sem sátu í bifreið á bílastæði. Konan lést, en maðurinn lifði af.

Lögreglan segir að byssan, sem notuð var í þeirri árás, sé sú sama og notuð hefur verið í fleiri árásum.

Árásirnar hafa flestar beinst að innflytjendum. Oftast hafa þeir verið einir á ferð að kvöldlagi þegar skotið hefur verið á þá.

Árásirnar hafa skotið íbúum borgarinnar skelk í bringu, einkum þó innflytjendum. Margir hafa varla þorað að fara út úr húsi, einkanlega á kvöldin og á morgnana en margir eru einnig hræddir við að vera á ferli um hábjartan dag.

Fjörutíu prósent íbúanna í Malmö eru innflytjendur eða börn innflytjenda. Margir Svíar líta þennan hóp tortryggnum augum og kenna innflytjendum um fjölgun glæpa undanfarin misseri.

Í þingkosningunum 19. september komst nýr flokkur hægri þjóðernissinna, Svíþjóðardemókratarnir, inn á þing í fyrsta sinn.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**FRÁ BLAÐAMANNAFUNDI LÖGREGLUNNAR Í MALMÖ Í GÆR** Ulf Sempert, lögreglustjóri í Malmö, Solveig Vollstad yfirsaksóknari og Börje Sjöholm frá sakamáladeild lögreglunnar. NORDICPHOTOS/AFP

> Ástæðan fyrir því að við fengum áhuga á þessum manni voru ábendingar frá almenningi.“
>
> **BÖRJE SJÖHOLM**
> TALSMAÐUR LÖGREGLUNNAR Í MALMÖ.

Landbúnaðarháskóli Íslands:

## Fyrsta doktorsvörnin fer fram

**MENNTAMÁL Fyrsta doktorsvörnin við Landbúnaðarháskóla Íslands fer fram næstkomandi fimmtudag þegar Elsa Albertsdóttir ver ritgerð sína á sviði erfða- og kynbótafræði.**

**Skólinn hlaut formlega viðurkenningu menntamálaráðherra á doktorsnámi fyrir tveimur árum og þykir doktorsvörnin marka upphaf á nýju tímabili í sögu skólans og rannsókna á fræðasviðum stofnunarinnar, að því er segir í fréttatilkynningu.**

**Ritgerðin nefnist Samþætt kynbótamat kynbóta-, keppnis- og mætingareiginleika íslenskra hrossa og fer athöfnin fram á ensku.**

**Í tengslum við vörnina verður haldið opið málþing um hrossarækt með erlendum og innlendum fyrirlesurum. Málþingið hefst 12. nóvember.** **-jma**

Björgunarsveit kölluð út:

## Rjúpnaskytta féll í sprungu

**BJÖRGUN** Björgunarsveitin Stefán í Mývatnssveit var kölluð út um fimmleytið í gær þegar beiðni barst um aðstoð vegna manns sem fallið hafði í sprungu við gíginn Lúdent sem er austan við Mývatn.

Maðurinn, sem var á rjúpnaveiðum ásamt félaga sínum, var ómeiddur en samkvæmt fyrstu boðum komst hann ekki upp úr sprungunni. Svæðið er afar sprungið og snjór yfir öllu þannig að erfitt getur verið að vara sig á sprungum. Þegar björgunarsveitin kom að hafði maðurinn náð að komast upp úr sprungunni en varð að skilja byssuna eftir. Fékk hann aðstoð við að ná henni.






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SLABB**
Það eru norðaustlægar áttir í kortunum næstu daga með úrkomu sem fellur ýmist sem rigning, slydda eða snjókoma því hitastigið verður að færast upp og niður fyrir frostmark. Það má því búast við slabbi að minnsta kosti suma daga í vikunni.



**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt um mest allt land.

**MIÐVIKUDAGUR**
Vaxandi vindur þegar líður á daginn.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 7° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 8° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | 1° |
| París | 6° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Kostir þess að vera í Stofni | Endurgreiðsla | Vegaaðstoð | Afsláttur af tryggingum | Bílaleigubíll í 7 daga vegna kaskótjóns | Afsláttur af barnabílstólum

# NÁGRANNAVARSLA FÆKKAR INNBROTUM

Undanfarið ár hefur innbrotum, þjófnuðum og skemmdarverkum fækkað í hverfum þar sem framtakssamir viðskiptavinir í Stofni hafa komið á nágrannavörslu.

Nágrannavarsla er auðveld í framkvæmd og byggir á nokkrum einföldum skrefum. Á sjova.is getur þú sótt handbók með gagnlegum upplýsingum um nágrannavörslu. Að auki heldur Sjóvá reglulega námskeið um uppsetningu nágrannavörslu.

**Sýndu frumkvæði og taktu þátt í að auka öryggi í hverfinu þínu.**

**Fyrsta skrefið er á sjova.is**

**Námskeið í nágrannavörslu á næstunni:**

11. nóv. kl. 17.30–18.30 í Gullsmára, Kópavogi
16. nóv. kl. 17.30–18.30 í KR-heimilinu, Vesturbæ
18. nóv. kl. 17.30–18.30 í Hafnarborg, Hafnarfirði
23. nóv. kl. 17.30–18.30 í Gullhömrum, Grafarholti
25. nóv. kl. 17.30–18.30 í Forvarnahúsinu, Reykjavík

Námskeiðin eru öllum opin en eru **viðskiptavinum í Stofni að kostnaðarlausu.**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ



STÖÐVUM INNBROT

Sjóvá er stuðningsaðili átaksins **Stöðvum innbrot**. Tilgangurinn er að virkja landsmenn til að nýta þær forvarnir sem til eru til að vakta umhverfi sitt og draga þannig úr innbrotum.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 10-1904

**KJÖRKASSINN**




*Hefur þú stutt við góðgerðasamtök á árinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 83,8% |
| Nei | 16,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú að þjóðfundurinn skili góðum árangri?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Sömu grunngildi voru fundarmönnum efst í huga á þjóðfundinum á laugardag og þjóðfundinum fyrir ári:

# Íslensku þjóðgildin eru jafnrétti og frelsi

**ÞJÓÐFUNDUR** „Áhugavert er að sömu gildi eru fundarmönnum efst í huga á tveimur þjóðfundum,“ segir Gunnar Hersveinn, rithöfundur og heimspekingur, sem greint hefur niðurstöður þjóðfundanna tveggja. „Ef til vill má kalla þau hin íslensku þjóðgildi sem ríkja um þessar mundir.“

Gunnar nefnir að á báðum þjóðfundunum hafi grunngildin verið meðal annarra jafnrétti, lýðræði, réttlæti, virðing, heiðarleiki, frelsi, mannréttindi og ábyrgð.

„Ég bjóst við að það yrði meiri munur því núna var spurt um grunngildi stjórnarskrárinnar,“ segir Gunnar og bætir við að niðurstöðurnar staðfesti gildin í þjóðarvitundinni.

Hann segir að það hafi þó komið á óvart að fjölskyldan var hátt skrifuð á þjóðfundinum 2009 en ekki nú. „Það er í raun mjög umhugsunarvert að hornsteinn samfélagsins greinist svo illa. Nærtækasta skýringin er að þegar spurt er um þau gildi sem eigi að vera að leiðarljós við gerð nýrrar stjórnarskrár þá leiti hugurinn út á við í átt til hins opinbera en ekki inn í einkalíf fjölskyldunnar.“

Gunnar segir þjóðfundinn mikilvægan því hann komi umræðu um grunngildi samfélagsins aftur í gang. „Það er ótrúlega gaman að sjá fólk hugsa um grunngildi samfélagsins hér og þar.“ - mmf



**GUNNAR HERSVEINN** „Gaman að sjá fólk hugsa um grunngildi samfélagsins.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR








**GÓÐUR ANDI** Fundargestir lögðu áherslu á að stjórnarskráin væri sáttmáli sem tryggja ætti fullveldi og sjálfstæði Íslendinga og hún væri skrifuð fyrir fólkið í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sáttmáli skrifaður fyrir Íslendinga

**Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi eru meðal helstu gilda sem þátttakendur Þjóðfundarins leggja áherslu á að höfð verði að leiðarljósi í nýrri stjórnarskrá. Njörður P. Njarðvík segir ábendingar um inntak stjórnarskrár í niðurstöðum.**

**ÞJÓÐFUNDUR** Jafnrétti, lýðræði, mannréttindi, heiðarleiki og réttlæti eru á meðal þeirra helstu gilda sem fundargestir vilja að lögð verði til grundvallar í nýrri stjórnarskrá. Helstu niðurstöður Þjóðfundar um stjórnarskrá sem haldinn var á laugardag voru kynntar á blaðamannafundi í gær. Fundargestir voru um 950 talsins af landinu öllu.

Á fundinum voru gildin flokkuð í átta meginflokka sem innihald stjórnarskrárinnar var rætt út frá. Fundargestir lögðu áherslu á að stjórnarskráin væri sáttmáli sem tryggja ætti fullveldi og sjálfstæði Íslendinga og hún væri skrifuð fyrir fólkið í landinu.

Þátttakendur greiddu atkvæði um þá þætti sem þeim fannst mestu skipta og hins vegar um þá þætti sem þeim fannst fela í sér nýjungar. Samin var setning á hverju borði um það sem mestu hafði skipt í umræðunni. Þá gafst fundargestum tækifæri til að koma persónulegum tilmælum á framfæri við stjórnlagaþing, Alþingi, fjölmiðla og aðra. Helstu ábendingarnar snerust um að stjórnlagaþing ætti að virða niðurstöður Þjóðfundar, vinnubrögð þess ættu að vera gagnsæ og að stjórnlagaþingmenn ættu að hafa það að leiðarljósi að stjórnarskráin væri skiljanleg og á mannamáli.

Úrvinnsla hófst þegar að fundi loknum og niðurstöður liggja að mestu fyrir. Einungis átti eftir að klára að vinna úr persónulegum tilmælum fundargesta. Niðurstöðurnar munu liggja fyrir seinna í vikunni.

Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, sagði þjóðfundinn vel heppnaðan og að góður andi hefði myndast meðal fundargesta. Hún benti á að fundurinn væri gleðiefni fyrir þjóðina í heild.

Njörður P. Njarðvík, meðlimur í stjórnlaganefnd, sagði að niðurstöður þjóðfundarins gætu orðið grundvöllur fyrir nýjan þjóðarsáttmála. „Það komu fram afskaplega skýrar ábendingar um mannréttindi, réttlæti og jöfnuð,“ segir Njörður.

Meðlimir í stjórnlaganefnd voru sammála um það að þjóðfundurinn hefði verið vel heppnaður og gæti orðið fastur liður í umræðu um mikilvæg málefni í framtíðinni. Fram kom að erlendir fjölmiðlar og fræðimenn hefðu komið til landsins til að fylgjast með framkvæmd fundarins.

martaf@frettabladid.is

## Dæmi úr samantekt Þjóðfundarins

- Stjórnarskráin á að standa vörð um íslenska tungu, menningu og auðlindir þjóðarinnar.
- Stjórnarskráin skal byggja á siðferðisgildum. Siðgæðisþema nýrrar stjórnarskrár skal vera mannvirðing, tjáningarfrelsi og tillitssemi. Lögð er áhersla á heiðarleika kjörinna fulltrúa, embættismanna, lög og siðareglur.
- Allir skulu njóta mannréttinda samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur lofað að virða, svo sem tjáningarfrelsis, friðhelgi einkalífs, trúfrelsi og eignarréttar.
- Tryggja skal öllum landsmönnum mannsæmandi lífskjör óháð kyni, kynþætti, aldri, búsetu, vinnu, þjóðerni, trúarskoðun, efnahag, fötlun, kynhneigð eða skoðunum. Lífeyrisréttindi skulu öllum tryggð.
- Náttúra og auðlindir landsins eru óframseljanleg þjóðareign sem ber að vernda, umgangast og nýta á sjálfbæran hátt þannig að aðgengi almennings sé tryggt.
- Lýðræðið byggi á þrískiptingu ríkisvalds og skýrum lögum um þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg málefni.
- Takmarka ætti þann tíma sem alþingismenn mega sitja á þingi.
- Ísland sé málsvari friðar og taki þátt í alþjóðasamstarfi í þeim tilgangi.

Hægt er að nálgast niðurstöður Þjóðfundarins á slóðinni www.thjodfundur2010.is









Vefhýsing og lén - allt á sama stað

# LÆKKAÐU HÝSINGAR-KOSTNAÐINN




Ein hýsing — Margar heimasíður — Eitt lágt verð

| Vefhýsing | Vefhýsing og .is lén | Vefhýsing og .com lén |
|---|---|---|
| **628 kr.** á mánuði* | **1.288 kr.** á mánuði* | **774 kr.** á mánuði* |

# Við stækkum pakkann!
# Pantaðu núna á **www.1984.is**

## Hýsingartilboð:*

| | |
|---|---|
| með **.is** léni | 1.288 kr. á mánuði |
| með **.com** léni | 774 kr. á mánuði |
| með **.org** léni | 764 kr. á mánuði |
| með **.net** léni | 774 kr. á mánuði |
| með **.biz** léni | 764 kr. á mánuði |
| með **.info** léni | 764 kr. á mánuði |
| með **.name** léni | 764 kr. á mánuði |
| með **.me** léni | 1.046 kr. á mánuði |
| með **.bz** léni | 957 kr. á mánuði |
| með **.wz** léni | 785 kr. á mánuði |
| með **.cc** léni | 934 kr. á mánuði |
| með **.tv** léni | 1.062 kr. á mánuði |
| með **.mn** léni | 1.287 kr. á mánuði |
| með **.mobi** léni | 914 kr. á mánuði |
| með **.cn** léni | 802 kr. á mánuði |
| með **.in** léni | 862 kr. á mánuði |

## Hýsing innifelur:

- **Netföng:** ótakmarkað
- **Mysql gagnagrunnar:** ótakmarkað
- **Netumferð:** ótakmarkað
- **Aukalén og undirlén:** ótakmarkað
- **DNS þjónusta:** ótakmarkaður lénafjöldi
- **Diskpláss:** 10.000 Megabæti
- **Vefpósthús:** Val um tvennskonar vefpósthús
- **Tölfræði síðunnar**
- **FTP aðgangur**
- **PHP5**
- **IMAP og POP3 stuðningur**
- **DAGLEG AFRITUN GAGNA**

- Engin uppsetningargjöld
- Engin falin útgjöld
- Engir platínum eða bronz pakkar
- Grunnpakkinn okkar inniheldur meira en stærstu pakkarnir hjá samkeppnisaðilunum.

1984

– stóri bróðir hefur gætur á þér

*Miðað við 3ja ára hýsingarsamning

P.o. Box 126 :: 121 Reykjavík :: Sími 546 1984 :: info@1984.is :: www.1984.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvaða fyrirtæki var valið markaðsfyrirtæki ársins 2010 af ÍMARK?*

**2.** *Hver stýrir næstu HM-stofu fyrir heimsmeistaramótið í handbolta?*

**3.** *Hvaða árgerð var Benz-bifreiðin sem stolið var af Heimi Sverrissyni?*

**SVÖR**

*1. Borgarleikhúsið. 2. Þorsteinn Joð Vilhjálmsson. 3. 1979.*

Skýrsla um einkaskóla á leikskóla- og grunnskólastigi gefin út:

# Hagkvæmari fyrir sveitarfélög

**MENNTAMÁL** Sjálfstætt starfandi leikskólar fá að meðaltali 86 til 94 prósent af þeim kostnaði sem sveitarfélögin leggja til eigin leikskóla. Í flestum tilvikum innheimta einkareknu leikskólarnir ekki hærri skólagjöld en leikskólar sveitarfélaganna og eru þannig reknir fyrir umtalsvert lægri fjárhæðir.

Þetta kemur fram í skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann að beiðni Samtaka verslunar og þjónustu. Fjórtán prósent leikskólabarna voru í einkareknum skólum haustið 2009.

Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla, segir niðurstöðuna jákvæða. „Þarna kemur fram að okkur tekst að sinna okkar starfi fyrir minna fjármagn en opinberu skólarnir. Á tímum hagræðingar og aðhalds eru það góðar fréttir.” Margrét leggur áherslu á að þrátt fyrir að sjálfstætt starfandi skólum vegni vel með minna fé frá sveitarfélögunum en opinberum skólum verði að gæta þess að fjármagn til þeirra verði ekki skert enn frekar þannig að gæðum sé ógnað. „Það er mikilvægt að munurinn á fjárframlögum til skólanna aukist ekki. Margrét vonast til að niðurstöður skýrslunnar verði til þess að hrekja bábiljur um að sjálfstætt starfandi skólar séu dýrir í rekstri og aðeins fyrir forréttindahópa.

**- þeb, eh**



**HJALLASTEFNA** Hjallastefnan rekur bæði leikskóla og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Veiðiréttindi verða ekki seld:

# Tilboð í Sogið ekki nógu góð

**SVEITARSTJÓRNIR** Öllum sex kauptilboðum í veiðihús og veiði sem Grímsness- og Grafningshreppur á í Soginu hefur verið hafnað í sveitarstjórninni. Tveimur aðilum sem gert hafa tilboð um leigu á veiðiréttinum og húsinu verður því boðið að gera ný tilboð í leiguna til þriggja ára. Annar þessara aðila er Stangaveiðifélag Reykjavíkur sem haft hefur þetta svæði, Ásgarðslandið, á leigu um langt árabil. Ekki kemur fram í fundargerð sveitarstjórnarinnar hver hinn tilboðsgjafinn er.

**- gar**




Atvinnumál á Suðurnesjum:

# Ráðherra skipar starfshóp

**SUÐURNES Starfshópur um atvinnumál á Suðurnesjum var í vikunni skipaður af iðnaðarráðherra en hópurinn á í sameiningu við heimamenn, hagsmunaaðila og þingmenn Suðurkjördæmis að meta stöðuna og hugsanlegar leiðir til úrbóta.**

**Starfshópinn skipa Ásta Dís Óladóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar, Guðmundur Pétursson hjá Samtökum atvinnurekenda á Suðurnesjum og Eiríkur Hilmarsson hagfræðingur.**

**Auk þess munu stofnanir iðnaðarráðuneytisins, Byggðastofnun, Ferðamálastofa, Nýsköpunarmiðstöð og Fjárfestingarstofa, vinna með hópnum.**

**- jma**



**SAGRADA FAMILIA** Hundruð manna mótmæltu stefnu kaþólsku kirkjunnar þegar páfi kom til að vígja þessa sérstæðu kirkju Gaudis. NORDICPHOTOS/AFP




Páfi vígði kirkjuna Sagrada Familia í Barcelona:

# Gagnrýndi stjórn sósíalista á Spáni

**SPÁNN, AP** Mikill mannfjöldi fylgdist með Benedikt XVI. páfa þegar hann vígði hina sérstæðu kirkju, Sagrada familia, sem setur svip sinn á Barcelona á Spáni.

Þegar páfi kom til kirkjunnar í gær biðu þar um 200 samkynhneigðir sem efndu til kossamótmæla gegn stefnu kaþólsku kirkjunnar, sem lítur samkynhneigð óhýru auga.

Stuttu síðar efndu hundruð kvenna til mótmælagöngu gegn kaþólsku kirkjunni vegna þess hve konum er almennt gert lágt undir höfði innan hennar og einnig vegna andstöðu kirkjunnar við getnaðarvarnir.

Páfi notaði hins vegar tilefnið til þess að gagnrýna spænsk stjórnvöld fyrir að standa ekki nægilega vel vörð um hefðbundið fjölskyldulíf. Stjórn Sósíalistaflokksins á Spáni hefur samþykkt lög sem heimila samkynhneigðum að ganga í hjónaband. Auk þess hefur stjórnin gert fólki auðveldara að fá bæði skilnað og fóstureyðingar.

Um það bil 250 þúsund manns mættu til að fylgjast með páfa og formlegri vígslu kirkjunnar, sem hefur verið í smíðum síðan árið 1892. Katalónski arkitektinn Antoni Gaudi, sem gerði nokkur helstu meistaraverk byggingasögunnar, vann að henni í meira en hálfa öld, en hann lést árið 1926. Stefnt er á að ljúka byggingu kirkjunnar árið 2026, þegar hundrað ár verða liðin frá andláti Gaudis.

**- gb**



# Stórtónleikar í Grafarvogskirkju
# 11. nóvember 2010, kl. 20:00

Lionsklúbburinn Fjörgyn stendur fyrir tónleikum, til styrktar
**Barna- og unglingageðdeild LSH og Líknarsjóði Fjörgynjar**



Altarisgluggi Grafarvogskirkju eftir Leif Breiðfjörð

Eftirtaldir listamenn koma fram og styrkja verkefnið:

Fjallabræður
Voces Masculorum
Söngleikurinn Buddy Holly:
Ingólfur Þórarinsson,
Sigurjón Brink og
Felix Bergsson



Egill Ólafsson
Greta Salóme
Hörður Torfason
Ómar Ragnarsson
Páll Rósinkranz
Sigrún Hjálmtýsdóttir
Gréta Hergils
Guðrún Gunnarsdóttir
Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Óskar Pétursson
Ragnar Bjarnason
Snorri Wium

Undirleikarar: Jónas Þórir og Þorgeir Ástvaldsson











Kynnir: Felix Bergsson







Lkl. Fold selur veitingar í hléi

Hönnun: Sigmar Arnar Steingrímsson, Lkl. Fjörgyn

Ágóði tónleikanna rennur til Barna- og unglingageðdeildar LSH og Líknarsjóðs Fjörgynjar.
Verð aðgöngumiða kr. 2.500. Miðasala dagana 1. – 10. nóvember á eftirtöldum stöðum:
N1 Ártúnshöfða - Bíldshöfða - Gagnvegi.
olís Álfheimum - Gullinbrú - Norðlingaholti (við Rauðavatn).
Tónleikadaginn, 11. nóvember, verða miðar seldir í Grafarvogskirkju milli kl. 16 og 20.

Grafarvogsblaðið
EXTON
VALITOR
intrum justitia
Þjónusta
LITRÓF-HAGPRENT ...þegar þú þarft að prenta



**HÖFUÐ SETT Á KRIST** Stærsta Krists-líkneski heims, 58 metra hátt með 24 metra faðmlengd, er risið í Swiebodzin í Póllandi. Svipaðar styttur í Brasilíu og Bólivíu eru 33 metra háar. NORDICPHOTOS/AFP



**NADIA MACRI** Útdráttur úr yfirheyrslum yfir henni var birtur í ítölskum fjölmiðlum. NORDICPHOTOS/AFP

Nýjar sögur af Berlusconi:

## Mörgum Ítölum nóg boðið

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, er enn á ný í kastljósi fjölmiðla vegna framhjáhalds og kvennamála. Hann hefur hingað til getað hrist af sér alla umfjöllun af því tagi og haldið áfram að brosa breitt framan í þjóðina.

Að þessu sinni hefur lögreglan yfirheyrt vændiskonu, Nadiu Macri, sem segir að allt að þrjátíu konum, sumum aðeins sautján ára, hafi verið boðið í veislu í glæsihúsi Berlusconis á Sardiníu fyrir tveimur árum, þar sem þeim hafi meðal annars staðið fíkniefni til boða.

Ítölum virðist mörgum hverjum nú nóg boðið, ekki síst vegna viðbragða forsætisráðherrans, sem sagði: „Það er betra að elska fagrar stúlkur en homma.“ - gb

# Styrjaldir morgundagsins verða háðar á internetinu

**Póst- og fjarskiptastofnun mun á næstunni fá umboð stjórnvalda til að stofna öryggis- og viðbragðsteymi til að verja netkerfi landsins. Tjón eftir tölvuárás á Íslandi gæti numið milljörðum króna segir sérfræðingur.**



**VARNARMIÐSTÖÐ** Bandarísk stjórnvöld taka tölvuvarnir afar alvarlega. Íslenskt öryggis- og viðbragðsteymi með tveimur eða þremur sérfræðingum virkar lítið í samanburði, en getur fengið aðstoð frá erlendum ríkjum komi upp neyðartilvik. NORDICPHOTOS/AFP

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig mun öryggis- og viðbragðsteymi gegn tölvuárásum sem stjórnvöld hafa ákveðið að stofna verja netkerfi landsins?

„Oft er sagt að styrjaldir morgundagsins verði háðar á internetinu,“ segir Þorleifur Jónsson, forstöðumaður tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Það eru þó ekki bara styrjaldir sem vekja upp áhyggjur fyrir stöðu tölvuvarna hér á landi, því umfang tölvuglæpa margfaldast ár frá ári og hakkarinn í kjallaranum er ennþá að smíða vírusa.

Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að fela Póst- og fjarskiptastofnun að koma á laggirnar öryggis- og viðbragðsteymi sérfræðinga sem geta fylgst með og brugðist við tölvuárásum og veikleikum í tölvukerfi landsins.

> Við höfum dæmi frá útlöndum um heilu ríkin sem hafa orðið fyrir árásum. Það er ekkert sem segir að við getum ekki orðið fyrir slíkum árásum líka.
>
> **ÞORLEIFUR JÓNSSON**
> FORSTÖÐUMAÐUR TÆKNIDEILDAR PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR

Stefnt er að því að tveir til þrír sérfræðingar með sérhæfðan tölvubúnað undirbúi viðbrögð stjórnvalda við tölvuvá.

Þorleifur segir að sérfræðingateymið muni koma sér í samband við hagsmunaaðila hér á landi, til dæmis fjarskiptafyrirtæki, fjármálafyrirtæki, fyrirtæki í orkugeiranum, stjórnsýslan og önnur þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Markmiðið er að geta brugðist hratt við verði gerð árás í gegnum netið á vefsvæði umræddra aðila.

Öryggis- og viðbragðsteymið verður einnig tengiliður við sambærileg teymi í nágrannalöndunum, enda alþjóðlegt samstarf í vörnum gegn tölvuárásum og tölvuglæpum afar mikilvægt, segir Þorleifur.

Tölvuvarnir hafa verið talsvert í umræðunni undanfarin ár. Atlantshafsbandalagið rekur nú miðstöð sem sérhæfir sig í tölvuvörnum, og málið var rætt á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna á Norðurlandaráðsþingi hér á landi nýverið.

Þorleifur segir að öryggis- og viðbragðsteymið verði að geta brugðist hratt við neyðarástandi. Ef til dæmis netárás verði gerð á fyrirtæki í orkugeiranum hér á landi verði þeir sérfræðingar sem sjái um öryggismál þar kallaðir til, þeir aðstoðaðir við að virkja varnirnar með fulltingi erlendra samstarfsaðila til að hrinda árásinni.

Ýmsar ástæður geta legið að baki slíkri árás, allt frá óvinveittu ríki sem vill sýna mátt sinn, til tölvuglæpamanna sem nota tölvunet sín í fjárkúgunarskyni.

„Við höfum dæmi frá útlöndum um heilu ríkin sem hafa orðið fyrir árásum. Það er ekkert sem segir að við getum ekki orðið fyrir slíkum árásum líka, sérstaklega ef við erum veik fyrir,“ segir Þorleifur.

Kostnaðurinn við að starfrækja öryggis- og viðbragðsteymi gæti numið á að giska 25 til 35 milljónum á ári, segir Þorleifur. Það er lítill kostnaður samanborið við tjón sem gæti orðið af völdum árásar.

Þorleifur nefnir sem dæmi að hundruð milljóna eða milljarða tjón gæti orðið ef harðskeytt árás yrði gerð á orkufyrirtæki eða fjármálafyrirtæki.

Þá sé hægt að ímynda sér hversu miklu tjóni og álitshnekki íslenska ríkið gæti orðið fyrir lamist stjórnsýslan eftir árás tölvuþrjóta.

brjann@frettabladid.is

### Sameiginleg viðbrögð ESB-ríkja æfð

Tölvuöryggi er mikið í umræðunni þessa dagana, sér í lagi eftir að álagsárás (e. Distributed Denial of Service attack) var gerð á netkerfi Búrma. Árásin hófst í október, en náði hámarki fyrir helgi, nokkrum dögum fyrir kosningar sem fram fóru í landinu á sunnudag.

Haldin var sameiginleg evrópsk æfing í viðbrögðum við tölvuárásum í síðustu viku. Öll 22 aðildarríki Evrópusambandsins, auk Noregs, Sviss og Íslands tóku þátt í æfingunni.

Evrópska tölvu- og upplýsingaöryggisstofnunin (e. European Network and Information Security Agency, ENISA) hafði yfirumsjón með æfingunni. Stofnunin var sett á fót til að aðstoða aðildarríki Evrópusambandsins í viðbrögðum við tölvuárásum.

Á æfingunni var látið reyna á hvernig hægt væri að bregðast við árásum sem takmarka notkun á mikilvægum tölvukerfum sem þjóðir eru farnar að reiða sig á í sífellt meira mæli. Mikilvægur þáttur var að kanna hvernig gengi að samhæfa varnir milli landa, bæði til að láta vita af árásum og bregðast sameiginlega við þeim.


## Byrjendanámskeið í jóga

Nýtt byrjendanámskeið í jóga
hefst mánudaginn 8. nóvember

JÓGA Stúdíó



**Námskeiðið er kennt á mánudögum og miðvikudögum klukkan 18:30–19:30 í 4 vikur í senn.**

Þátttakendur geta mætt í alla opna tíma á meðan á námskeiðinu stendur.
Eftir námskeiðið fá þátttakendur eina fría viku auk 15% afslátt af kortum.
Upplýsingar og skráning hjá Ágústu í síma 772-1025. Eða á jogastudio.is



Ágústa Kolbrún Jónsdóttir
772-1025



Drífa Atladóttir
695-8464

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com




**JÓN FLYTUR FORVARNARÁVARP** Borgarstjóri flutti ávarp þegar forvarnardagurinn var settur í Foldaskóla á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Breytt mynstur hjá unglingum á grunnskólaaldri:

## Neyta sjaldnar áfengis

**FÓLK** Unglingar í 10. bekkjum grunnskóla segjast neyta mun sjaldnar áfengis nú heldur en fyrir 12 árum. Í könnunum sem Rannsóknir og greining hafa framkvæmt árlega meðal tíundubekkinga síðastliðin tólf ár sést að áfengisneysla hefur dregist verulega saman. Árið 1998 sögðust 42 prósent unglinga hafa orðið ölvuð einhverntímann síðustu 30 daga, en 14 prósent árið 2010.

Sambærilegar niðurstöður fást þegar spurt er um reykingar og eru þetta með lægstu tölum sem þekkjast meðal unglinga í Evrópu. Kemur þetta fram í tilkynningu frá skrifstofu forseta Íslands.

Forvarnardagurinn var haldinn í fimmta sinn í öllum grunnskólum landsins í síðustu viku. Dagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Rannsóknir á vegum Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík hafa sýnt fram á að þeir unglingar sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líklegir til að neyta fíkniefna. Þeir unglingar sem stunda skipulagt tómstundastarf eru síður líklegir til að neyta fíkniefna. - sv




ZUMBA fitness

**SPORTHÚSIÐ**

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 564 4050

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þjóðfundurinn er merkileg tilraun, en leysir ekki úr mörgum álitaefnum varðandi stjórnarskrána.

# Hvernig eða hvað?

Þjóðfundurinn sem haldinn var á laugardag var merkileg tilraun. Aldrei áður hefur þannig með markvissum hætti verið leitað eftir sjónarmiðum almennings í aðdraganda endurskoðunar stjórnlaga ríkis. Aðferðin er einstök og á sér aðeins eina fyrirmynd, þjóðfundinn sem haldinn var í fyrra á vegum sjálfboðaliða. Þar voru kallaðir saman yfir þúsund Íslendingar, sem valdir voru með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Aldrei áður hafði slíkt úrtak heillar þjóðar verið saman komið undir sama þaki.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í niðurstöðum þjóðfundarins kemur út af fyrir sig fátt á óvart. Mest er þar um atriði, sem flestir Íslendingar geta verið sammála um, þótt umdeild mál á borð við aðskilnað ríkis og kirkju skjóti upp kollinum. En það var líka meiningin; að kalla fram vilja þjóðarinnar, vizku fjöldans, að svo miklu leyti sem það er hægt.

Hitt er svo annað mál, að ýmislegt af því sem fram kemur í niðurstöðum þjóðfundarins eru fremur stefnuyfirlýsingar en leiðbeiningar um það hvernig á að haga stjórnskipaninni. Stjórnarskráin er plagg, sem segir til um *hvernig* á að stjórna landinu, en á ekki að innihalda pólitískar stefnuyfirlýsingar um það *hvað* stjórnvöld eigi að gera. Stefnumið eins og „efla skal ímynd Íslands“ er af þeirri sortinni sem á ekki heima í stjórnarskránni, þótt sjálfsagt geti flestir verið sammála um markmiðið.

Í niðurstöðum þjóðfundarins er fleira, sem líklegt er til að verða umdeilt á stjórnlagaþinginu. Þannig er í mannréttindakaflanum vísað til jafnólíkra hluta og þess að vægi atkvæða skuli vera jafnt, og að allir skuli „njóta jafns réttar til náms, heilbrigðisþjónustu og lágmarksframfærslu“. Fyrrnefnda atriðið telst til svonefndra borgaralegra og pólitískra réttinda, sem fela í sér svokallaðar taumhaldsskyldur ríkisvaldsins; að það láti þegnana óáreitta, skerði til dæmis ekki tjáningarfrelsi þeirra eða taki upp kosningakerfi sem mismunar fólki eftir búsetu. Síðarnefndu réttindin teljast hins vegar til svokallaðra félags- og efnahagslegra réttinda, sem mæla fyrir um verknaðarskyldur ríkisins, að því beri að gera sitthvað fyrir þegnana, sem oftast kostar peninga.

Margir vilja ekki telja síðarnefndu réttindin til almennra mannréttinda vegna þess að erfitt er að halda því fram að þau séu algild; í sumum ríkjum geta stjórnvöld ekki með nokkru móti tryggt þegnum sínum lágmarksframfærslu þótt þau geti auðveldlega látið það vera að skerða atkvæðisrétt þeirra. Ýmsir hafa bent á að með því að setja félags- og efnahagslegu réttindin í stjórnarskrá séu þau orðin háð eftirliti dómstóla og þar með séu dómarar komnir í pólitík, því að í raun sé engin leið að skilgreina í stjórnlögum hvað sé til dæmis lágmarksframfærsla. Þetta séu stefnuyfirlýsingar fremur en algild mannréttindi og eigi þar af leiðandi ekki heima í stjórnarskrá. Hvernig yrði til dæmis stjórnarskrárákvæði um jafnan rétt til heilbrigðisþjónustu túlkað til og frá í umræðum um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu?

Niðurstöður þjóðfundar eru ágæt leiðsögn fyrir stjórnlagaþingið en leysa alls ekki úr mörgum álitamálum sem þarf að útkljá þar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

## Norðurslóðadagurinn

### Breytingar á norðurslóðum: vöktun umhverfis og samfélags

**Norræna húsinu í Reykjavík**
**10. nóvember 2010**
**Kl. 09:00 til 16:00**

**Kl. 09:00 –15:00 MÁLSTOFA**
Ávarp formanns Samvinnunefndar um málefni norðurslóða, Þorsteins Gunnarssonar
Ávarp umhverfisráðherra, Svandísar Svavarsdóttur
Tom Barry: Kynning á Norðurskautsráðinu og vinnuhópi þess um vernd lífríkisins (CAFF)
Hans H. Hansen: Vákort af N-Atlantshafi, liður í samhæfðri viðbragðsáætlun við bráðamengun
Ingibjörg Jónsdóttir: Hafísrannsóknir og eftirlit á norðurslóðum
Árni Einarsson: Þingeyingar í þúsund ár
Starri Heiðmarsson: Esjufjöll og jökulsker Breiðamerkurjökuls
Oddur Vilhelmsson: Örverulífríki Glerár: Hentugt líkan til vöktunar á umhverfisáhrifum loftslags og mengunar á norðurslóðum?
Embla Eir Oddsdóttir: Sóknin í norður: Áhætta, öryggi og aðlögun sjávarbyggða vegna veðurfarsbreytinga og aukinnar skipaumferðar

**Kl. 14:00 -15:00 PALLBORÐSUMRÆÐUR**
Staða rannsókna, vöktunar og alþjóðlegrar samvinnu á norðurslóðum

**Kl. 15:00 MINNINGARFYRIRLESTUR VILHJÁLMS STEFÁNSSONAR**
Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor: Vísindamaðurinn í náttúrunni og náttúra vísindarannsókna: Um hlutverk og samfélagslegar skyldur vísindamanna

**SJÁ NÁNAR Á WWW.SVS.IS**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Reynsla

Ríkislögreglustjórinn auglýsti um helgina eftir fólki til starfa í efnahagbrotadeild embættisins. Þaðan hafa nánast allir almennir starfsmenn farið til sérstaks saksóknara. Til þess að hljóta starfið þarf umsækjandi að hafa próf frá Lögregluskólanum og tveggja ára starfsreynslu sem lögreglumaður. „Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu og þekkingu á rannsókn auðgunarbrota eða annarra alvarlegra brota,“ segir í auglýsingunni. Ólíklegt verður að teljast að margir sæki um enda flestir sem uppfylla þessi skilyrði nýkomnir á fullt við að rannsaka glæpi í bönkunum hjá sérstökum.

### Gamaldags

Furðulegt er að hvorki sé hægt að hefja vegaframkvæmd né taka nýjan veg í notkun án þess að samgönguráðherra sé kallaður til, ýmist til að taka skóflustungu eða klippa á borða.



Þeir eru til sem héldu að Ögmundur Jónasson væri stjórnmálamaður þeirrar tegundar sem hætti svoleiðis löguðu. En nei, hann hefur á örfáum vikum í embætti verið við að minnsta kosti fimm slíkar athafnir. Það er líklega met.

### Ekkert minna



Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, fjallaði um leiðir til að auka hagvöxt í Silfri Egils í gær. Liður í því væri að gera átak í endurskipulagningu skulda fyrirtækja. Unnið væri að „stórfelldu átaki í því að taka mikinn fjölda fyrirtækja í gegnum skuldahreinsun“. Skuldahreinsun er bæði stórt orð og fáheyrt. Hagsmunasamtök, hvort sem er fyrirtækja eða heimila, hafa ekki lagt í að taka sér það í munn. En það gerir efnahags- og viðskiptaráðherrann óhikað. Því fagna sjálfsagt margir.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Geta vinstrimenn eitthvað lært?

Stjórnmál



Svavar Gestsson
fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins

Fyrsta vinstristjórnin var felld á vísitölubótum; 1958. Það gerðist á ASÍ þingi þannig að greidd voru atkvæði um það hvort fresta mætti vísitölubótum. Því var hafnað. Í staðinn fékk launafólk 12 ára ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins. Næsta ríkisstjórn fór líka á vísitölubótum; það var 1974. Þá fóru Samtök frjálslyndra og vinstri manna, sem voru einn stjórnarflokkanna, á taugum. Það var efnt til kosninga og útkoman varð ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins. Næsta vinstristjórn varð til 1978; hún liðaðist í sundur 1979 af því að einn stjórnarflokkanna þoldi ekki kaupgjaldsvísitöluna. Sjálfstæðisflokkurinn komst þó ekki til valda og enn var mynduð stjórn sem má gjarnan kalla vinstristjórn. Hún gafst ekki upp þrátt fyrir erfiðleika í efnahagsmálum. Álmálið átti að nota til að koma henni frá með því að stjórnarliðar Framsóknarflokksins stóðu að tillögu um að setja iðnaðarráðherrann af af því að hann væri ekki nógu stóriðjufús. Það tókst ekki, en eftir kosningarnar 1983 tók við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins undir forystu Framsóknarflokksins. Hún sat í heil fjögur ár og bjó til misvægi launa og lána, gaf vexti frjálsa og innleiddi kvótakerfið. Hún var svo endurnýjuð 1987 en hrundi 1988. Þá tók við ríkisstjórn sem kom á þjóðarsátt og hjó á vítahring verðbólgunnar.

Hún fékk meirihluta í kosningum til að starfa áfram en Alþýðuflokkurinn kaus að koma Sjálfstæðisflokknum til valda á ný. Þau völd hafði hann í 18 ár.

Nú hefur vinstristjórn setið í 18 mánuði. Sjálfstæðisflokkurinn er orðinn langþreyttur á því að ráða engu, hvorki hjá ríkinu né borg. Hann er að tryllast af valdaleysi. Og hann lemur tunnur úti um allt þjóðfélagið. Hann reynir að gera bandalög inn í stjórnarflokkana eins og hann gerði líka 1958 og 1974. Hann notar andstöðuna við ESB einn daginn, annan er það Icesave sem Sjálfstæðisflokkurinn bjó til og er á móti því að leysa. Í þessum málum tekst honum að stíga í takt við einstaklinga í Vg. Og svo eru það stóriðjumálin. Þar stígur hann taktinn við tunnusláttinn með Samfylkingunni. Tilgangurinn er ekki sá að stöðva aðildarumsókn að ESB, ekki sá að koma í veg fyrir að samið verði um Icesave og ekki sá að tryggja byggingu álvera. Það síðastnefnda er ekki hægt af því að orkan er ekki til. Nei, tilgangurinn er sá einn að koma íhaldinu til valda á ný. Og það mun Sjálfstæðisflokknum takast ef honum auðnast áfram að heyra bergmál inni í stjórnarflokkum þegar hann lemur tunnurnar. En af langri sögu hafa vinstrimenn kannski lært að láta ekki rugla sig í ríminu; eða hvað?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þjóðkjörin prúðmenni

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Hátíðlegt ... Fallegt ... Mikil stemmning ... Þannig eru orðin sem maður hefur séð um Þjóðfundinn þar sem valdir fulltrúar settu saman nokkur leiðarljós handa komandi stjórnlagaþingi. Og hátíðlegt hefur þetta verið: fólk hefur klætt sig í betri fötin og vandað orð sitt og æði því að nú var það að sinna trúnaðarstörfum fyrir þjóðina sína. Þarna – en einkum þó á komandi Stjórnlagaþingi – eiga loksins við orð Jónasar Hallgrímssonar í kvæðinu um Alþing hið nýja: „snarorðir snillingar / að stefnu sitja; / þjóðkjörin prúðmenni / þingsteinum á.“

**Ekkert orðagjálfur**

Á Alþingi okkar daga situr upp til hópa fólk sem hvorki er þjóðkjörið né prúðmenni. Þar eiga betur við línur Jónasar úr öðru kvæði um sömu stofnun: „Naha, naha! / Báglega tókst með alþing enn, / naha naha naha! / Þar eru tómir dauðir menn. /Naha naha nah!“

Sumsé: snarorðir snillingar – eða þannig. Sumt er kannski dálítið skringilega orðað, eins og þegar talað er um að stjórnarskráin „ávarpi“ þjóðina, hvar sem það nú þýðir, og svo er þarna vondur kveðskapur eins og ævinlega þykir tilhlýðilegt að hafa í frammi þegar Íslendingar koma saman. Svo má gera athugasemdir við þær hugmyndir að efla skuli vald forseta – og varaforseta – erum við ekki öll búin að fá okkur fullsödd af dyntóttum valdamönnum?

En því fer fjarri að hér sé á ferðinni meinlítið orðagjálfur eins og sumir kynnu að hafa búist við: almennt er þetta býsna afdráttarlaust og jafnvel til þess fallið að breyta íslensku þjóðfélagi, nái það fram að ganga. Þannig segir til dæmis að landið skuli verða eitt kjördæmi með jöfnum atkvæðisrétti. Það er mjög róttæk hugmynd. Við sitjum uppi með fjölmargt fólk á alþingi sem kosið er af tiltölulega litlum og einsleitum hópi og lítur á sig sem hagsmunagæslumenn þess hóps fremur en fulltrúa þjóðarinnar. Það er mörg stórframkvæmdin sem knúin hefur verið í gegn af slíkum ráðamönnum án þess að hirt hafi verið um þjóðarhag eða náttúruvernd.

> Heyrst hefur að þjóðþekktir einstaklingar hafi þarna of mikið forskot og má vera að það sé rétt, en vandséð er hvernig bætt verði úr því.

Sumir þingmenn virðast ekki einu sinni sjálfir bera virðingu fyrir þeirri stofnun sem þeir eru kosnir til og eru uppteknari af aularæðumennsku af því tagi sem tíðkast í framhaldsskólum þar sem ungir piltar æfa sig markvisst og þrotlaust í að rífast um tittlingaskít og gera sér upp heitar skoðanir á málefnum sem þeim er hundsama um: æfa sig með öðrum orðum í að villa á sér heimildir í ræðustól – skrökva.

**Ágætt veganesti**

Þjóðfundurinn kemur með ýmislegt ágætt veganesti: til dæmis að náttúra og auðlindir Íslands sé óframseljanleg þjóðareign sem nýta beri á sjálfbæran hátt – það er stórmál; landið eigi að vera herlaust og vinna að friði; að sérfræðiþekking skuli nýtt við ákvarðanatöku fyrir opnum tjöldum ... Vera má að þetta séu sjálfsagðir hlutir, en við skulum hafa í huga að hefði verið starfað í anda þessara hugmynda á sínum tíma hefði ekki verið staðið að einkavæðingu bankanna eins og gert var, Ísland ekki gert samsekt í innrásinni í Írak, ekki verið farið út í hundrað prósent húsnæðislán, svo að bara þrjár af heimskulegustu og afdrifaríkustu athöfnum ríkisstjórna Davíðs og Halldórs séu nefndar.

Það er ástæða til að binda vonir við komandi Stjórnlagaþing. Í fyrsta lagi munu þar sitja þjóðkjörnir fulltrúar, en því er ekki að heilsa með alþingi eins og málum er háttað núna. Það fólk sem þar mun sitja hefur því raunverulegt lýðræðislegt umboð. Í öðru lagi hefur margt – hroðalega margt – hæft og gott fólk gefið kost á sér; maður mun eiga í mesta basli með að velja úr þessum fríða flokki. Heyrst hefur að þjóðþekktir einstaklingar hafi þarna of mikið forskot og má vera að það sé rétt, en vandséð er hvernig bætt verði úr því. Frægðin kann hins vegar að vera beggja handa járn. Þarna kunna að vera einstaklingar sem eru duglegir að hafa sig í frammi án þess að almenn ástsæld fylgi athyglinni en þessu tvennu er stundum ruglað saman. Aðrir hafa getið sér gott orð vegna starfa sinna, skrifa sinna, hugmynda sinna og atorku: er það ekki allt í lagi?

# Áhyggjur af niðurskurði

Heilbrigðisþjónusta
Steina Þórey Ragnarsdóttir
ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur



Það er með ólíkindum að niðurskurðarhnífurinn virðist enn ætla að bitna á stofnun eins og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS), sem hefur náð að spara ár fyrir ár og héldum við í sakleysi okkar að ekki þyrfti að höggva svo mikið skarð í þjónustuna.

En nei, þar sem við höfum verið dugleg að hlýða þá er okkur sagt að vera enn duglegri. Ekki á bara að spara á HSS heldur á flestum öðrum stofnunum landsins. Þetta er aðför að landsbyggðinni á meðan stjórnvöld tala um að efla menntun og menningu þar. Hvernig er það hægt þegar leggja á niður sjúkrahúsþjónustu á þessum stöðum, þá er ekki lengur þörf fyrir menntað fólk á þeirra sviði og er mikil hætta á því að fólk flyst úr landi til þess að fá vinnu við sitt fag. Þessi aðför verður bara til þess að fólk flytjist úr landi og hver á þá að borga skuldirnar?

Þar sem tilfinningin er að þessi niðurskurður er notaður sem blóraböggull til þess að gera aðsúg að landsbyggðastofnunum, þá sér maður ekki sparnaðinn. Það er alltaf verið að tala um það að það sé svo stutt fyrir okkur Suðurnesjamenn að fara til Reykjavíkur en ég vil benda á að það er alveg jafnlangt fyrir höfuðborgarbúa að koma til Reykjanesbæjar.

Við erum með þessar nýju og flottu skurðstofur sem nú safna ryki á meðan hátæknisjúkrahús er enn á teikniborðinu, sem ég get ekki skilið að við höfum efni á næstu árin. Af hverju ekki að nýta það sem til er í landinu?

Hvað varðar fæðingarþjónustuna þá eru það ekki góð vísindi að skella öllum fæðandi konum inn á hátæknisjúkrahús heldur sýna rannsóknir að konum í eðlilegu ferli gengur best ef góð samfella er við ljósmæður þeirra og þær eru í sínu umhverfi með ljósmæðrum sem þær þekkja. Það eru minni líkur á keisaraskurðum, inngripum og árangursríkari brjóstagjöf svo eitthvað sé nefnt. Það er nefnilega þannig að hormónabúskapur konunnar vinnur best ef henni líður vel og þá eru meiri líkur á að fæðing hennar gangi vel. Auðvitað verðum við að hafa fæðingardeild á hátæknisjúkrahúsi, þar er gott starfsfólk sem er að gera frábæra hluti en það er líka verið að gera frábæra hluti úti á landi og konur vilja fæða í sinni heimabyggð. Hvert er öryggi þjónustunnar að allar konur eiga að fæða á Landspítalanum í skjóli niðurskurðar ef ekki er hægt að sinna þeim vegna manneklu og plássleysis. Á þá að bæta við starfsfólki þar og gera breytingar á húsnæði? Hver er þá sparnaðurinn þegar þessi aðstaða og starfsfólk er fyrir hendi t.d. á Selfossi og í Keflavík?

Í nýlegri grein í Fréttablaðinu eftir Dr. Birgit Toebes kemur fram að það eru mannréttindi að konur fái viðeigandi þjónustu í sambandi við barneignaferlið í þeirra nánasta umhverfi. Það er það sem ég vil halda áfram að gera, að taka á móti nýjum Suðurnesjabúum í heimabyggð.

Auðvitað veit ég að við (Íslendingar) fórum á hausinn haustið 2008 en fólk hefur komið með aðrar tillögur en þær að rústa velferðarkerfinu okkar í þeirri mynd sem við þekkjum, t.d. að taka skatta af lífeyrissjóðsgreiðslunum strax og fá peninga inn í kerfið án þess að almenningur verði þess svo mikið var.

Einnig mættu stjórnvöld skoða ýmis gæluverkefni bæði hérlendis og erlendis. Byrjað var að hækka skatta og gott og vel, maður hefur lagt sitt fram með því til þess að reisa Ísland við en það virðist ekki duga, heldur mun stefna í að ég sem er skattgreiðandi ásamt öllum hinum starfsmönnunum á heilbrigðisstofnunum um land allt muni ekki borga skatta í kassann heldur verðum við þiggjendur úr honum!

Ég get ekki séð að það sé mikill sparnaður í því. Ég hélt að þeir sem væru við stjórn í landinu núna væru að vinna fyrir hinn vinnandi mann en ekki sést það á þessum ákvarðanatökum og segi ég bara gangi þeim vel að fá atkvæði þegar næstu kosningar koma, ef það verða þá einhverjir kjósendur eftir á landinu.

**Mundu að panta posa fyrir jólaverslunina!**

Borgun býður vandaða posa til leigu á hagstæðum kjörum. Hægt er að leigja posa í skemmri tíma, t.d. helgar- og mánaðarleigu.

- Einfaldir í notkun og uppsetningu
- Uppsetning á höfuðborgarsvæðinu er ókeypis
- Seljendur á landsbyggðinni fá posa senda uppsetta endurgjaldslaust

Pantaðu posa á borgun.is eða leitaðu frekari upplýsinga í síma 560 1600.

BORGUN
Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**44** **GORDON RAMSAY** kokkur er 44 ára í dag

*„Ég leyfi blöðunum ekki að komast upp með það að skrifa hvað sem er um mig.“*



**AUKIN MEÐVITUND** Doktor Bjarki Jóhannesson, formaður Skipulagsfræðingafélags Íslands, segir fólk meðvitaðra um mikilvægt hlutverk skipulagsfræðinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## SKIPULAGSFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS 25 ÁRA: ALÞJÓÐLEGUR DAGUR SKIPULAGS

# FAGMENNSKA AFAR MIKILVÆG

Þótt skipulagsfræðin eigi sér ekki langa sögu hérlendis sem fræðigrein hefur hún verið í mikilli sókn síðustu árin. Skipulagsfræðingafélag Íslands var stofnað 17. júní 1985 og fyrsti formaður þess var Sigurður Guðmundsson. Núna í dag, á Alþjóðlega skipulagsdeginum, 8. nóvember, mun félagið veita verðlaun fyrir skipulag í samvinnu við Skipulagsstofnun í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan 16. Doktor Bjarki Jóhannesson er formaður Skipulagsfræðingafélag Íslands og einn af stofnfélögum.

„Verðlaun þessi eru veitt annað hvert ár en markmiðið með þeim er að hvetja til umræðu um skipulagsmál og vekja athygli á því sem er að gerast á sviði skipulags. Fagmennska er afar mikilvæg í skipulagsgerð, þar sem framtíð fólks og fjárfestingar eru í húfi,“ segir Bjarki.

„Tillögurnar sem bárust í ár voru níu talsins og máttu hvort sem er tengjast svæðisskipulagi, aðalskipulagi, deiliskipulagi eða hvers konar stefnumótun, áætlunum, rannsókn eða öðru tengt skipulagi.“

Skipulagsfræði er rótgróin fræðigrein í Bandaríkjunum og Bretlandi og hefur haslað sér völl sem sjálfstætt fag í Þýskalandi og víðar í Evrópu og er ört vaxandi á Norðurlöndum. „Eitt af meginmarkmiðum Skipulagsfræðingafélagsins er að vinna að viðurkenningu skipulagsfræðinnar og stuðla að faglegum vinnubrögðum við gerð skipulags. Starfsheitið er nú lögverndað og skipulagsfræðingur þarf að hafa lokið að minnsta kosti fjögurra ára námi í skipulagsfræði á háskólastigi eða tveggja ára framhaldsnámi og hafa að auki tveggja ára reynslu af skipulagsmálum. Skipulagsfræði er sérstakt nám sem tekur á öllum þáttum sem inn koma í skipulag, meðal annars hagsmunum og aðkomu almennings,“ segir Bjarki. Þrír háskólar kenna fagið hérlendis í dag og um fimmtán manns eru í námi.

Bjarki segir skipulagsmál ekki síður fjalla um félagslegt og vistvænt umhverfi og að hlúa vel að fólki en að byggja ramma utan um stærri bákn. „Staða skipulags hefur batnað mikið síðustu árin þótt enn sé víða pottur brotinn. Það er afar mikilvægt að vel sé staðið að skipulagsmálum því þau eru framtíðarfjárfesting þar sem verið er að mynda umgjörð utan um líf fólks. Hagur Íslendinga af góðum skipulagsmálum er margs konar og skipulagsmálin eru sérstaklega mikilvæg þegar þrengir að – að peningarnir séu nýttir sem best. Við sjáum víðs vegar minnismerki í umhverfi okkar um þensluna – hvernig farið var óvarlega í hluti.“

**juliam@frettabladid.is**

---



*Elskuleg móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir og amma,*

**Þuríður Valgerður Björnsdóttir**
Hjallaseli 55,

andaðist mánudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram þriðjudaginn 9. nóvember kl. 15.00 frá Fossvogskirkju.

**Alda H. Grímólfsdóttir** **Valdimar Guðlaugsson**
**Andrés H. Grímólfsson**
**Guðrún Grímólfsdóttir** **Jón Steinar Snorrason**
**Eiríkur Steinþórsson**
**Hjördís Björg Andrésdóttir** **Sverrir Ö. Hermannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Ólafsson**
skipstjóri frá Súgandafirði,

andaðist aðfaranótt fimmtudagsins 21. október. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju 10. nóvember kl. 13.00.

**Ragnheiður Sörladóttir**
**Álfheiður Einarsdóttir** **Odd Stefán Þórisson**
**Kristín Einarsdóttir** **Sigurður Kristjánsson**
**Ólafur Friðbert Einarsson** **Henný Ása Ásmundsdóttir**
**barnabörn og langafabarn.**

---



*Ástvinur okkar,*

**Betúel Betúelsson**
Fjarðarseli 11,

lést á Landspítala Fossvogi 28. október. Útförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 9. nóvember kl. 13.

**Hrafnhildur Inga Guðjónsdóttir**
**Stefán Örn Betúelsson** **Ólöf Berglind Halldórsdóttir**
**Guðjón Arnar Betúelsson** **Hanna Kristjana Gunnarsdóttir**
**Hildur Björk Betúelsdóttir** **John Mar Erlingsson**
**og barnabörn.**

---



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vilhelm Kristinsson**
Stigahlíð 2, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi, 4. nóvember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 16. nóvember, kl. 15.00.

**Kristinn Vilhelmsson** **Auður Matthíasdóttir**
**Ólöf Vilhelmsdóttir** **Finn Jansen**
**Björn Vilhelmsson**
**Gunnar Vilhelmsson**
**Hafliði Vilhelmsson** **Greta S. Guðmundsdóttir**
**Sverrir Vilhelmsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Edda Snorradóttir**
frá Þórshöfn,
Núpalind 4, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi 28. október, verður jarðsungin frá Digraneskirkju miðvikudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

**Þorkell Guðfinnsson**
**Snorri Hafsteinn Þorkelsson** **Björg Skúladóttir**
**Guðfinnur Helgi Þorkelsson** **Jóhanna Þorkelsdóttir**
**Edda Björg Snorradóttir**
**Elín Salka Snorradóttir**
**Guðrún Helga Guðfinnsdóttir**
**Þorkell Máni Guðfinnsson**

---


# Lokað

Deloitte verður lokað í dag, mánudaginn 8. nóvember frá klukkan 14 vegna jarðarfarar Inga R. Jóhannssonar, löggilts endurskoðanda og fyrrum eiganda Deloitte.

Deloitte.


---



*Útför systur okkar og mágkonu,*

**Margrétar Pálmarsdóttur**
Skálatúni, Mosfellsbæ,

fer fram frá Lágafellskirkju miðvikudaginn 10. nóvember, kl. 13:00.

**Bára Pálmarsdóttir** **Davíð Davíðsson**
**Fjóla Pálmarsdóttir** **Hilmar Leifsson**
**Ísólfur Pálmarsson** **Hrönn Hafliðadóttir**
**Helgi Pálmarsson**
**Guðbjörg Björnsdóttir.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Indriði Guðjónsson**
vélstjóri, áður til heimilis að Vogatungu 3, Kópavogi,

lést á Hrafnistu, Dvalarheimili aldraðra sjómanna, í Reykjavík, fimmtudaginn 28. október sl. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 10. nóvember, kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Minningarsjóð Sjómannadagsins (s. 585 9500) eða Blindrafélagið.

**E. Sigurlaug Indriðadóttir** **Björn Þorsteinsson**
**Friðgeir Indriðason** **Stella María Reynisdóttir**
**Ingibjörg Indriðadóttir**
**Guðjón Indriðason**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---




# Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.
Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



**HUB** er bresk vefsíða sem selur eingöngu handgerða heimilismuni á fremur viðráðanlegu verði. Þar má meðal annars finna þennan skemmtileg lampa, svokallaðan Sparrow Lamp. Sjá www.hubinteriordesigns.co.uk/.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




**Fyrir bústaðinn og heimilið**
Opið: má-fö. 12:30 -18:00,
Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 nora.is , facebook.com/noraisland

Nóra

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MYNDLISTARVÖRUM
gildir út nóvember

Nýttu tækifærið og verslaðu vandaðar myndlistarvörur á frábæru verði!
Hjá okkur er mikið úrval af myndlistarvörum!
T.d. olíu og akríl málning, penslar, spaðar, íblöndunarefni, vatnslitapappír, karton, strigi, blindrammar, trönur og margt fleira!



LISTALAGERINN
JÁRN & GLER

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

**MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?**
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
vísir.is

**Kristín Nikulásdóttir húsfreyja á fagra hluti sem minna hana á föður hennar Nikulás Árna Halldórsson.**




# *Með því elsta sem ég á*

**Hér er ein gömul og sæt stytta sem pabbi gaf mér þegar ég var barn. Hún er eitt af því elsta sem ég á,“ segir Kristín Nikulásdóttir húsfreyja glaðlega þegar kvabbað er í henni um að sýna lesendum einhvern kæran hlut á heimilinu. Styttan er af strák og stelpu. Þýskt postulín. „Þetta eru örugglega tvíburar, eða ég ímynda mér það því ég er sjálf fædd tvíburi á móti strák,“ segir Kristín. „Þessi stytta hefur alltaf fylgt mér og hún stendur yfirleitt á borðstofuskápnum mínum sem pabbi smíðaði sjálfur. Hann var trésmíðameistari og var með verkstæði í húsinu sem ég ólst upp í, við Unnarstíg 2 hér í Reykjavík.“**
*gun@frettabladid.is*

Kristín Nikulásdóttir húsfreyja með styttuna fyrir framan sig og borðstofuskápinn á bak við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

**Gerið gæða- og verðsamanburð**

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

SVEFNSÓFAR

Hágæða svefnsófar.
Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. 264.900

SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur

SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi

Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA

PROFLEX
2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum



**Þetta** skemmtilega veggfóður úr smiðju Koziel í Frakklandi gæti hentað áhugafólki um prjónamennsku. Þegar veggfóðrið er komið upp líkist það prjónuðu veggteppi við fyrstu sýn, en þegar betur er að gáð kemur í ljós að mynstrið er prentað á pappírinn.


**HERRA-KULDASKÓR**

Úrval af herrakuldaskóm úr leðri, fóðruðum með lambsgæru.



Stærðir: 41 - 47
**Verð: 23.700.-**

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur


## Skynjar hreyfingar

STÓLLINN I2I FRÁ IDO OG STEELCASE DESIGN STUDIO SAMEINA KOSTI VINNUSTÓLS OG HÆGINDASTÓLS.

Þessi stóll er afrakstur samvinnu hönnunarráðgjafarfyrirtækisins IDEO og The Steelcase Design Studio. Hugmyndin sem liggur að baki er að sameina kosti vinnustóls og hægindastóls, auk þess sem stóllinn lagar sig að hreyfingum líkamans án þess að þurfi að stilla hann sérstaklega fyrir mismunandi stellingar.

Stóllinn kallast i2i og styður við þann sem í honum situr hvort sem hann situr þversum í honum, hallar sér aftur, situr uppréttur eða teygir úr sér. Starfsfólk fyrirtækjanna vann náið saman við hönnunina og afraksturinn á að tryggja að fólk geti hagrætt sér hvernig sem því sýnist í stólnum án þess að þurfa að missa augnsamband við viðmælanda sinn.

*www.ideo.com.*



# Gæti ekki lifað án lopa

**Erla Sigurlaug Sigurðardóttir og föðursystir hennar, Halldóra Skarphéðinsdóttir, hafa gefið út framhald af prjónabók sem kom út fyrir jólin í fyrra. Hún heitir Fleiri prjónaperlur – prjónað frá grasrótinni.**

Fyrri bókin Prjónaperlur kom út fyrir jólin í fyrra. „Hún komst á metsölulista við hlið Stiegs Larssons," segir Erla ánægð og því kom aldrei neitt annað til greina en að halda áfram og gefa út aðra bók.

„Ég er byrjandinn og Halldóra frænka er þungavigtarprjónakonan og saman verður þetta hin fínasta blanda," segir Erla glaðlega en þær voru ekki í nokkrum vandræðum með að finna uppskriftir í bókina. „Margar konur eru til í að vera með og eru glaðar að vinna vettvang til að sýna uppskriftir eftir sig," upplýsir hún en í bókinni eru um 60 uppskriftir eftir 20 prjónara auk þeirra frænkna.

„Við áttum í vandræðum með að velja úr," segir Erla en þær Halldóra auglýstu á bloggi sínu eftir uppskriftum. „Svo vorum við líka duglegar að þræða prjónakaffin og spæja hjá flinkum konum og fá þær til að vera með," segir hún og hlær. Auk uppskriftanna er í bókinni líka fjöldi frásagna, prjónaráða og fróðleiks um prjónalífið og listina sem gaman er að glugga í.

Erla hefur sjálf ekki langa reynslu af prjóni. „Halldóra var alltaf að reyna að koma mér í að prjóna og hekla. Mér fannst skemmtilegra að sauma og gera eitthvað sem tók stuttan tíma. Fyrir tveimur árum tók ég upp prjónana þegar mér leiddist og fór svo í heimsókn til Halldóru sem býr í Svíþjóð en þá kviknaði áhuginn fyrir alvöru." Erla hefur ekki lagt niður prjóna eða heklunálar síðan en finnst skemmtilegast að prjóna smáverkefni sem tekur stuttan tíma. Hún prjónar bæði á börnin og peysur á sjálfa sig. „Því mér er alltaf kalt, og ég gæti ekki lifað án lopans."

*solveig@frettabladid.is*



Erla fékk prjónafluguna í hausinn fyrir tveimur árum og hefur ekki stoppað síðan. Í nýju bókinni, Fleiri prjónaperlur, er að finna uppskriftir eftir hana, frænku hennar og tuttugu aðrar prjónakonur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„lopa"peysa úr færeyska ullargarninu Navia eftir Erlu Sigurlaugu Sigurðardóttur yfirprjónaperlu.

## HEKLAÐ SJAL ÚR NAVÍA EFTIR GERÐI GESTSDÓTTUR

Stærð: Um 100 x 40 cm.
Garn: Navia uno, eins er hægt að nota einband, 50 g.
Heklunál: Nr. 4,5.
Loftlykkja= ll
Stuðull= st
Fastalykkja = fl

*Byrjið á að hekla 168 ll frekar laust. Stykkið má lengja eða stytta en 13 verður alltaf að ganga upp í lykkjufjöldann í uppfitinni. Sjalið samanstendur af tveimur umferðum sem heklaðar eru til skiptis, eini munurinn á umferðunum tveimur er hvernig þær byrja. Endi síðasta umferð á fl þá byrjar næsta umferð á 4 ll og st, en endi síðasta umferð á st. þá byrjar næsta á tveimur ll og 2 fl. Umferðirnar tvær „stangast á", þ.e. fl lenda alltaf ofan á st og st ofan á fl.*

Umferð 1: *Heklið 4 ll og svo st sem festur er í síðustu ll af uppfitinu. [Heklið 3 ll, hoppið yfir næstu 4 lykkjur og heklið fl í hverja af næstu 4 lykkjum. Heklið 3 ll, hoppið yfir 4 lykkjur, og í þá fimmtu er heklað: 1 st, 2 ll, 1 st]. Endurtakið [ - ] út á enda.*

*Umferð 2: Síðasta umferð endaði á st og því hefst þessi á 2 ll og 2 fl: Heklið 2 ll og svo 2 fl utan um loftlykkjubogann á milli st tveggja úr umferðinni á undan. Heklið nú: [3 ll, st í fl nr. 2 úr umferðinni á undan, 2 ll, st í sömu lykkju og fyrri st er í, 3 ll, 4 fl í loftlykkjubogann milli st úr umferðinni á undan], endurtakið [ - ] út að enda, en athugið að hekla aðeins 2 fl í st á endanum. Snúið við.*

*Umferð 3: Fyrri umferðin endaði á fl, þessi byrjar því á 4 ll og st. Heklið 4 ll og svo st sem festur er í seinni fl úr umferðinni á undan. Heklið þá: [3 ll, 4 fl í bogann á milli st tveggja úr umferðinni á undan, 3 ll, og í miðjuna á fl í umferðinni á undan er svo heklað: st, 2 ll, st ], endurtakið [ - ] út á enda, en athugið að hekla aðeins 1 ll á milli st tveggja á endanum. Snúið við.*

*Endurtakið nú alltaf umferðir 2 og 3 til skiptis í 34 umferðir og um 40 cm, eða þar til ykkur finnst sjalið orðið nægilega breitt.*







**Patti.is**

Landsins mesta úrval af sófasettum



Roma tungusófi
Verð frá
170.900 kr

Yfir 80 mismunandi sófagerðir.
Mál og áklæði að eigin vali.



Púðar í úrvali
Verð frá 2.900 kr

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16



# híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 8. NÓVEMBER 2010




NORDICPHOTOS/GETTY





GARÐYRKJA & UMHVERFIÐ
BALDUR GUNNLAUGSSON
SKRÚÐGARÐYRKJUMEISTARI.

# Tími berjanna

Haustið skartaði sínu fegursta að þessu sinni og vaxtarskilyrði gróðurs voru með allra besta móti nýliðið sumar. Berin á trjánum voru stór og mikil þannig að líklegt er að meiri fjöldi fræja komist af og verði að duglegri plöntu.

Það er skemmtilegt að prófa fjölgun trjáa eða runna með berjum og þá er nærtækast að ná sér í reyniber. Berin þurfa á kuldaskeiði að halda þar sem kuldinn og rakur jarðvegur hjálpa til við eftirþroska. Því dugar ekki að tína þau og þurrka og sá svo næsta vor heldur eru þau látin vera úti í bakka undir gleri eða plasti yfir veturinn. Sáningin fer því fram að hausti eða í byrjun vetrar og fræin spíra svo að vori.



Berin eru kramin í sundur og þrýst létt niður í vikurinn.

Við fjölgunina er best er að vera með ræktunarbakka. Setjið þunnt lag af mold (1,5 cm) neðst í bakkann og fínskorinn vikur þar ofan á í aðeins þykkara lagi. Samanlagt ætti þetta að vera u.þ.b. 4 cm af ræktunarefni. Moldin heldur næringu sem ræturnar þurfa á að halda en vikurinn heldur yfirborðinu hæfilega þurru sem kemur í veg fyrir úldnun berjanna.

Berin eru kramin í sundur og þrýst létt niður í vikurinn. Ágætt er að fjarlægja eitthvað af berjakjötinu þar sem það úldnar frekar ef það er í miklu magni. Ekki þarf að hafa miklar áhyggjur af þéttleika í bakkanum þar sem plönturnar eru færðar yfir í litla potta þegar þær eru komnar á legg.

Best er að leggja rúðugler eða harðplast yfir bakkann. Ef sett er glært plast yfir er hætta á að það leggist alveg niður í bakkann. Örlítið þarf að lofta um bakkann og því er glerið yfirleitt örlítið skásett á þannig að lofti um horn. Komið bakkanum fyrir á góðum stað til dæmis í beði og látið veturinn líða.

Að vori spíra fræin og taka má glerið af þegar stálpaðar plöntur hafa myndast og hætta af frosti er liðin hjá.

Fleira gagnlegt á heimasíðunni: www.horticum.is

## ● NOKKRAR HUGMYNDIR UM BETRI NÝTINGU Á GEYMSLUPLÁSSI

● Notum innanverðar skápahurðir til að hengja upp áhöld og fleira. Festingar og krókar fást í byggingavöruverslunum.

● Notum staflanlega kassa í geymsluna með innihaldslýsingu, það skiptir sköpum þegar verið er að leita að einhverju.

● Sumir skápar nýtast illa því það er of langt á milli hillnanna. Það er hægt að kaupa hilluefni í byggingavöruverslunum og setja aukahillur í skápa.

● Litlar tréskúffur fást víða og er hægt að skrúfa þær upp undir borðplötur.

*leidbeiningastod.is*





Húsasmiðjan: Vinnuvesti svart 6.990 krónur.



Verkfæralagerinn: POW204 Slípirokkur 500W 2.995 krónur.



Verkfæralagerinn: Skiptilyklar frá 325 krónum.



Byko: Trésög 1.290 krónur.



Húsasmiðjan: Juðari powerplus 1.690 krónur.



Verkfæralagerinn: Skrúfbitasett 695 krónur.



Byko: BOSCH rafhlöðuborvél

# Þegar verk þarf að vinna

**Jólin eru gjarnan notuð sem viðmið þegar klára á einhver verk á heimilinu. Þá er gott að geta gripið í verkfæri við hæfi svo allt náist á tilsettum tíma.**

Þessi tími ársins er tími til framkvæmda. Þegar aðventan gengur í garð vilja flestir að heimilið skarti sínu fegursta og drífa sig því í að hengja upp myndir á vegg, slá saman borðstofuborði eða leggja nýtt gólfefni. Hvert sem verkið er, stórt eða lítið, er þó nauðsynlegt að eiga góð verkfæri. Fréttablaðið tók saman nokkur þeirra verkfæra sem gott væri að eiga í handraðanum þegar verkgleðin tekur völd.

- rat



Margir taka til hendinni á þessum tíma árs. NORDICPHOTOS/GETTY







Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

**VANTAR! 100-150 fm íbúð með bílskúr í salahverfi Kópavogs. Staðgreiðsla í boði og rúmur afhendingartími fyrir réttu eignina.**

**Sími 530 6500**
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.
**Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili FASTEIGNASALA



**Framúrskarandi árangur** RE/MAX Lind

## Ertu í söluhugleiðingum eða viltu kaupa?

Ég bíð uppá verðmat þér að kostnaðarlausu innan höfuðborgarsvæðisins.

Ég legg mig fram um að veita bestu mögulega þjónustu.



**Hringdu núna**
**893 2121**

**Edwin Árnason**
Sölufulltrúi
edwin@remax.is
Sími: 893 2121

**Þórarinn Jónsson** hdl.
lögg. Fasteignasali





**Fasteignaauglýsingar í Fréttablaðinu**

Sölumenn:

**Viðar Ingi Pétursson**
Sími: 512-5426
vip@365.is

**Hrannar Helgason**
s. 512 5441
hrannar@365.is


# Í suðurhlíðum Kópavogs

**Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu einbýlishús á tveimur hæðum í Hrauntungu.**



**Húsið er nýlega klætt að utan með múrklæðningu.**

Húsið er nokkuð endurnýjað og 198,6 fm á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr.

Komið er inn í húsið á efri hæð í flísalagða forstofu með fataskápum. Inn af forstofu er gestasalerni og einnig parketlagt herbergi með fataskápum. Hol er parketlagt og rúmgott. Svefngangur er parketlagður og með skápum. Tvö barnaherbergi. Hjónaherbergi er með skápum á heilum vegg og með útgangi á stórar flísalagðar svalir til suðurs þaðan sem stigi er niður á lóð. Baðherbergið sem er nýlega endurnýjað með glugga og er flísalagt í gólf og veggi. Gólfsturta og handklæðaofn eru í baðherbergi. Úr holi er gengið tvö þrep upp í samliggjandi bjartar og rúmgóðar parketlagðar stofur með fallegu útsýni til suðurs og útgangi á stórar flísalagðar svalir. Fallegur arinn er í stofum.

Eldhúsið er stórt, dúklagt og með bæsuðum eikarinnréttingum með flísum á milli skápa. Nýleg tæki eru í eldhúsi.

Á neðri hæð hússins sem bæði er innangengt í um steyptan stiga og með sérinngangi af neðri hæð er komið á gang.Þvottaherbergi er með glugga, flísalagt og með sturtu. Inn af þvottaherbergi er flísalagt salerni. Stórt herbergi með eldhúskrók inn af. Innangengt er í bílskúr sem er flísalagður og með rafmagni, hita og rennandi vatni.

Inn af bílskúr er ca. 50 fermetra óinnréttað rými með hita og rafmagni. Mögulegt er að innrétta það en ekki innifalið í stærð hússins.

Húsið er nýlega klætt að utan með múrklæðningu og málað. Nýleg vatnsbretti eru undir gluggum. Þak er nýlega málað og í góðu lagi.

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Ásbraut 15-17, íbúð 205- 4ra m/bílskúr




Góð 4ra herbergja, 92,7 m2 endaíbúð á 2 hæð, ásamt 33,4 m2 bílskúr við Ásbraut í Kópavogi. Húsið ásamt bílskúrnum eru nýlega múrviðgerð og máluð að utan. Góð staðsetning! Stutt í alla þjónustu, leik-, grunn- og menntaskóla, auk þess sem stutt er í verslunarmiðstöðina í Hamraborg, sundlaug, bókasafn og tónlistarsalinn. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 22,4 m. 5028**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18.00**

## Fálkahöfði 4, íbúð 202- 3ja m/bílskúr




Vorum að fá í einkasölu fallega 91 m2, 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á 2. hæð ásamt 27,6 m2 bílskúr. Eikar innréttingar og eikarparket og flísar á gólfum. fallegt útsýni. Golfvöllur, sundlaug, leikskóli og skóli í næsta nágrenni **V. 23,5 m.** 5035

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18.00**



**Aðaltún - Parhús**
Mjög fallegt 142,4 fm parhús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr við Aðaltún í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er eldhús, stofa, baðherbergi, vinnuherbergi og forstofa. Á 2. hæð er sjónvarpshol og þrjú svefnherbergi. Rúmgóður bílskúr og stórt hellulagt bílaplan. Stór vesturgarður með fallegu útsýni. **V. 36,9 m.** 3475



**Hjallahlíð 11 – Raðhús**
Mjög fallegt 174,6 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr við Hjallahlíð 11 í Mosfellsbæ. Fallegar og vandaðar innréttingar og gólfefni. Timburverönd og gróinn garður í suður. Frábær staðsetning stutt í skóla, leikskóla, sund og á golfvöllinn í Mosfellsbæ. **V. 39,9 m.**



**Klapparhlíð - 2ja herbergja**
Falleg 63,4 m2, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi og timburverönd í 2ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 22 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, rúmgott svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu og eldhús. Íbúðinni fylgir 4,4 m2 sér geymsla á jarðhæð. Frábær staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla, sund og ræktina. **V. 16,9 m**. 5025



**Gullsmári - 4ra herbergja**
Falleg 4ra herbergja, 86,1 fm íbúð á 1. hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Gullsmára í Kópavogi. Íbúðinskiptist í forstofugang , þrjú svefnherbergi, stofu, baðherbergi, eldhús, búr og sérgeymslu í kjallara. **V. 21,5 m**. 5029

## Rúgakur 3 - 3ja m/stæði í bílageymslu



Rúmgóð og glæsileg 142,9 m2, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara við Rúgakur 3 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, stofu, borðstofu, eldhús, rúmgott svefnherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi. Íbúðinni fylgir bílastæði ásamt stórri sér geymslu í lokuðum bílakjallara. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. **Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. Lækkað verð. V. 31,9 m.** 5024

## Hjallahlíð - 4ra herb. m/bílskúr



Falleg og vel skipulögð 94,4 m2 4ra herbergja íbúð á 2 hæð með sérinngangi, ásamt 27,7 m2 bílskúr við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús og stofu. Við hlið inngangs er köld útigeymsla.Skipti á 2 - 3ja herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu koma til greina **V. 24,5 m.** 4992

## Rauðamýri - 3ja herbergja



Mjög flott 108,4 m2, 3ja herbergja endaíbúð sér inngangi á jarðhæð í 3ja hæða fjölbýli við Rauðumýri 3 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, þvottahús, tvö mjög rúmgóð svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Fallegar innréttingar. Tvær timburverandir. **Eignin er laus til afhendingar fljótlega! V. 23,7 m.** 4981

## Helgaland - Einbýlisshús



Mjög fallegt 307,4 fm einbýlishús á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr við Helgaland í Mosfellsbæ. Húsið stendur á 1.250 fm lóð. Á efri hæðinni er forstofa, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofa, borðstofa, baðherbergi og fjögur svefnherbergi. Á neðri hæðinni er baðherbergi og tvö stór herbergi. Seljandi skoðar skipti á ódýrari eign **V. 64,9 m.** 4418

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG

FASTEIGNASALAN

# MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is


Óskar R. Harðarson hdl. og lögg. fasteignasali


Jason Guðmundsson hdl. og lögg. fasteignasali


Ragna S. Óskarsdóttir MBA Löggiltur fasteignasali,


Halldór Ingi Andrésson, lögg. fasteignasali


Guðrúnu Pétursdóttur skjalagerð


Hilmar Jónasson sölufulltrúi


Heimir H. Eðvarðsson sölufulltrúi


Elín Viðarsdóttir lögg. fasteignasali


Ólafur Finnbogason sölufulltrúi

**Vegna mikillar sölu undanfarið vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum.**



## Naustabryggja
Mjög falleg 2ja herb
63 fm íbúð
Vestur svalir
Góð kaup

2ja v. 15,9 m.



## Sævargarðar
Gullfallegt raðhús
Góð verönd með heitum potti
Frábært útsýni
Vinsæl staðsetning

Raðhús v. 54 m.



## Skipholt
Stór 4ra herbergja
133 fm íbúð
Stór verönd
Góður garður

4ra v 26,7 m



## Klukkurimi
Gott 170 fm tvílyft parhús
Vel staðsett í götu
Þrjú góð svefnherbergi
Bjart og skemmtilegt hús
Góð bílastæði

Parhús v. 39,9 m.



## Torfufell
Góð 2ja herbergja
Stærð 56,8 fm
Snyrtileg íbúð
Útgengi á svalir
Sérmerkt bílstæði

2ja v. 11,9 m.



## Kristnibraut
Glæsileg jarðhæð
Frábært útsýni
122 fm
Góðar stofur
Vönduð eign

4ra v. 25,9 m.



## Miðtún
134 fm hæð og ris
Mikið endurnýjað
Möguleiki á aukaíbúð
Sér inngangur
Stór lóð
Skipti möguleg á minni eign

Hæð og ris v. 31,5



## Leifsgata 101
Góð 2ja herbergja
Frábær staðsetning
Stutt í skóla
Yfirtaka lána

2ja v. 12,9 m.



## Seljavegur
Stúdíóíbúð
Vestast í Vesturbænum
Bohem loft
Stutt í bæinn

Stúdíó v. 11,9 m.



## Hverfisgata
Stór 3-4ra herbergja
Vel viðhaldið fjölbýli
3.hæð
Góð áhvílandi lán

3ja v. 19,9 m.



## Kríuhólar
3ja herbergja
6.hæð í lyftublokk
Rúmgóð og björt
Svalalokun

3ja v. 17,9 m.



## Logafold
Parhús með bílskúr 157,8 fm
Vandaðar innréttingar
Gott skipulag
Stór sólpallur
Heitur pottur
Frábær staðsetning

Parhús v. 44 m.



## Auðarstræti
Efri sérhæð og ris
Sérinngangur
Góður bílskúr
Sérlega glæsileg eign
Alls 165,3 fm
Skipti koma til greina

Sérhæð v. 39,9m.



## Kögursel
Glæsilegt og vel staðsett 199,2 fm, þar af 22,9 fm bílskúr
Rúmgott og vel skipulagt
Skipti á minni eign í sama hverfi

Einbýli v. 46,5 m.



## Njörvasund
Neðri hæð í tvíbýli
Þarfnast viðhalds
Stór gróinn garður
3ja herbergja
Bílskúr

3ja v. 18,9 m.



## Skeljagrandi
Rúmgóð 3ja herbergja
Stærð 85,4 fm
Stæði í bílageymslu
Töluvert endurnýjuð
Sérinngangur

3ja v. 20,9 m.



## Ásendi
Efri sérhæð
Mikið uppgerð
5 herbergja
Vel skipulögð

Sérhæð v. 24,5 m.



## Álfheimar
Efri hæð og bílskúr
189 fm, vinsæl staðsetning
Mikið endurnýjað
Áhvílandi lán getur fylgt

Sérhæð v. 41,9 m.



## Lækjasmári
4-5 herbergja, 135,7 fm
Stæði í bílageymslu
Frábær staðsetning
Skipti möguleg á minni eign

4-5 herb v. 29,9 m.



## Hrísrimi
Neðri sérhæð
Innangengt í bílskúr
Samtals 124 fm
Einstök eign

Sérhæð v. 0,0 m.



## Kóngsbakki
Björt 4ra herbergja
Stutt í alla þjónustu
Húsið nýlega lagfært að utan
Snyrtileg eign
Gott verð

4ra v. 18,4 m.



## Kleppsvegur
Algjörlega uppgerð 2ja herb.
Útsýnisíbúð á 5. hæð
Lyftuhús
Hrein yfirtaka!

2ja v. 17,9 m.



## Engjasel
Björt og falleg endaíbúð
Stæði í bílageymslu
Mikið útsýni
3 svefnherbergi

4ra v. 22,9



## Eskivellir
4ra herbergja
Sérinngangur
Lyftuhús
Möguleg slétt skipti á minni eign í Reykjavík

4ra v. 22,5 m.

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

# ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**

**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## ÓSKUM EFTIR ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM EIGNA Á SÖLUSKRÁ



### Marteinslaug- 5 herb.

Falleg og vel skipulögð 137,4 fm 5 herb. íbúð á jarðhæð að meðt. sér geymslu og stæði í bílskýli. Íbúðin skiptist í forstofu, samliggjandi opna stofu, borðstofu og eldhús, 3 góð herbergi, fataherbergi, sjónvarpsherbergi, rúmgott baðherbergi, og þvottaherbergi. Íbúðin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Lagt fyrir síma/tölvu og sjónvarpi í öll svefnherbergi. Glæsilegur um 35 fm sólpallur með lýsingu. **Stutt í græn svæði, skóla og leikskóla. Verð 35,9 millj.**



### Erluás- Hafnarfirði

Mjög glæsilegt og vandað 263,6 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 42,9 fm bílskúr í Áslandinu. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Stór eyja í eldhúsi, innréttingar úr kirsuberjaviði og granít á borðum. Stór stofa með aukinni lofthæð og arni. 4 herbergi. Stórt alrými með útgangi á veröndi til vesturs. Fallegt útsýni úr stofu. Stórar svalir til suðurs og vesturs. **Verð 64,9 millj.**



### Kirkjutorg.

Fallegt 139,3 fm einbýlishús í hjarta miðborgarinnar. Húsið er friðað í B-flokki (ytra byrði) og hefur allt verið endurgert í upprunalegri mynd á síðustu 10-15 árum í samvinnu við Árbæjarsafnið.

Húsið er kjallari, tvær hæðir og ris og skiptist m.a. í opið eldhús, 2 stofur og 4 herbergi.

Svalir í suður sem snúa að Tjörninni.

Hellulögð lóð.

**Nánari uppl. á skrifstofu.**



### Klapparstígur –íbúð á efstu hæð með tvennum svölum

Glæsileg 96,9 fm íbúð á 4. hæð, efstu, ásamt sér stæði í bílageymslu. Íbúðin er á tveimur hæðum, vel innréttuð og með tvennum svölum. Á aðalhæð eru alrými, gesta snyrting, 1 herbergi, eldhús og stofa/borðstofa og á efri hæð um hringstiga er rúmgóð hjónasvíta og baðherbergi. **Verð 29,9 millj.**





### Kirkjusandur- „penthouseíbúð"- 2 sér stæði í bílageymslu.

Glæsileg 195 fm íbúð á efstu hæð auk 35,0 fm sér geymslu og tveggja sér bílastæða í bílakjallara. Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt. Glæsilegar rúmgóðar stofur, arinstofa og borðstofa, sjónvarpshol, vel útbúið eldhús, 2 herbergi og baðherbergi auk gesta w.c. Tvennar flísalagðar svalir.
**Útsýni yfir borgina, sundin og víðar. Húsvörður. Eign sem vert er að skoða.**



### Bogahlíð – íbúð á efstu hæð auk þakgarðs

Glæsileg 158,1 fm íbúð á efstu hæð auk um 80,0 fm hellulagðs þakgarðs í nýlegu húsi í Hlíðunum. Íbúðin er öll hin glæsilegasta hvað varðar innréttingar og efnisval og verulega aukin lofthæð er í allri íbúðinni. Allar innréttingar, gólfefni og loftaklæðning er úr hlyni. Glæsilegar stofur með útgangi í nýlega flísalagða garðstofu. Vandað eldhús. 2 svefnherbergi. Sér þvottaherbergi innan íbúðar. Öll aðkoma að húsinu og sameign er til fyrirmyndar. Sér stæði í bílageymslu. **Verð 56,0 millj.**



### Skúlagata – 2ja herb. útsýnisíbúð

Falleg og vel skipulögð 63,6 fm íbúð á 8.hæð með sér stæði í bílageymslu fyrir 60 ára og eldri. Yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs. Gríðarlegt útsýni til vesturs yfir borgina og að Snæfellsjökli. Þvottaherb./geymsla innan íbúðar **Verð 19,9 millj.**



### Bogahlíð. 5 herb.

5 herb. útsýnisíbúð á 3. hæð (efstu) í nýlega viðgerðu og máluðu fjölbýlishúsi. Rúmgott eldhús, samliggjandi stofur með útgangi á suðursvalir og 3 herbergi. Glæsilegt útsýni út stofum. Möguleiki að bæta við einu herb. innan íbúðar. Íbúðinni fylgir sér íbúðarherb. í kj. með aðgangi að baðherb. og er það í útleigu í dag. **Verð 26,9 millj.**



### Gerðhamrar- efri sérhæð

Glæsileg 193 fm efri sérhæð í tvíbýli suðurhlíðum Hamrahverfis að meðt. 31,5 fm bílskúr. Hæðin skiptist m.a. í hol, samliggjandi borð- og setustofu með arni, rúmgott eldhús, 4 herbergi, baðherbergi og gestasnyrting. Hátt til lofts í stofu og eldhúsi. Stórar suðursvalir og þaðan á timburverönd í garði. Glæsileg eign á rólegum og skjólsælum stað. Getur losnað fljótlega. **Verð 44,9 millj.**



### Gvendargeisli. 4ra herb.

Laufahreinsun - trjáklippingar - trjáfellingar - jólaskreytingar og margt margt fleira! Sjá betur á www.gardarbest.is Facebook: Garðar best. Netfang: gardarbest@gardarbest.is og síminn er 698 9334. Garðar gerir það best!

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar. Snyrting á trjám og runnum og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Nú er rétti tíminn að klippa Klippi, felli og snyrti tré og runna Áratuga reynsla. Gunnar s : 860 4493.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar



**20% afsláttur fyrir eldri borgara, öryrkja og húsfélög.**
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Haukur, S. 777 3374.

**Málarar**
Alhliða málingarþjónusta, afar hagstæð verð í boði. Einungis fagmenn. S. 659 9676.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald



**Handriðaplast**
Efni og ásetning. 27 ára góð reynsla. Uppl. í síma 8408282 , www.pyrite.is







Viðhaldsverk ehf

**Húsaviðgerðir**
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is




ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Alafl verktakar ehf.
Málarar
Múrarar
Flísar
Píparar
Parket
Smiðir
Rafvirkjar
Hellulagnir
Háþrýstiþvottur
Bjóðum einnig viðskiptavinum okkar upp á vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 12 mánuði
Fáðu tilboð í dag
Haukur, S. 777 3374.

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Vegna hækkunar hjá Orkuveitunni
Fáðu sem mest út úr ofnakerfinu þínu og fáðu okkur til að jafnvægistilla það fyrir þig
Fáðu uppl. S. 567 6699
kristjan@vidhald.is

Smíðum eftir máli!
Gluggar - Fög - Útihurðir
Svalahurðir - Bílskúrshurðir
Sérhæfð trésmiðja!
Hurðir & gluggar
Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • eljo@internet.is
www.hurdirogglugg ar.is

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149. nv.verktakar@gmail.com

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

892 1565 - Húseignaþjónustan - Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

## Stífluþjónusta

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

**NUDD - TILBOÐ - NUDD**

**Dekur f. 2 kr. 9900,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

**Líkamsnudd !**
Frábær þjónusta. Tilboð í dag. S. 693 0348 eða 661 8272

Nudd í boði. S. 844 0253.

NUDD NUDD NUDD. Heilnudd, Góð verð, Góður endir. Dísa S. 695 7602.

NEW NEW NEW LUXURY MESSAGE. IN DOWN TOWN ANYTIME ALICIA S. 892 4018.

Whole body massage. S. 849 5247.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

TANTRIC WHOLE BODY MESSAGE ON DOWN TOWN ANYTIME 24/7. S. 869 8602.

## Spádómar




ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
SPÁMIÐILL
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**
**Einkatímar.**
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**

**Símaspá 859 9119**
Tilfinningamál, fjármál, ársspá, andleg hjálp, bein miðlun og tarot. Opið frá kl. 20.00 - 24.00 visa/euro. Laufey spámiðill. Löng reynsla.

**Dulspekisíminn 908-6414**
Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**LOFTNET**
**Ljósleiðari**
**Dyrasímar**
**Brunakerfi**
**Rafeindameistarinn ehf**
**898 4484**

Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAF NEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
kboga@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu







Öryggis- og peningaskápar.



Hér er húsið orðið fokhelt á ný eftir að Uppsalafélagar hafa sett í það nýja hurð, glugga og þak. MYND/ÓMAR Þ. RAGNARSSON



Hér er komin ný hurð á dyrnar sem Gísli gekk inn um í hús sitt, þar sem tíminn stóð í stað og hvorki útvarp, sjónvarp né dagblöð náðu til hans, uns Jón Páll sálugi Sigmarsson kraftajötunn færði Gísla sjónvarp að gjöf. MYND/ÓMAR Þ. RAGNARSSON



Gamla húsið að Uppsölum áður en framkvæmdir hófust. Hér má sjá að þakið er gjörónýtt sem og gluggarnir. MYND/ÓMAR Þ. RAGNARSSON

# Er sífellt að sýsla með Gísla



**Uppsalafélagið hefur síðustu sumur gert upp hús Gísla á Uppsölum í Selárdal við Arnarfjörð, en næsta sumar verður þar opnað safn.**

„Þetta kom þannig til að Guðni Ágústsson, þáverandi landbúnaðarráðherra, og Níels Árni Lund ákváðu að hrinda af stað verkefninu Aftur kemur vor í dal en með því gafst einstaklingum og hópum kostur á að taka í fóstur ákveðnar jarðir og kot í Selárdal. Þá ákváðum við Árni Johnsen alþingismaður, Harri Kjartansson byggingameistari og Ragnar Axelsson ljósmyndari að taka að okkur Uppsali því okkur var ljóst að húsið var að eyðileggjast og synd væri að bjarga því ekki,“ segir Ómar Ragnarsson, fréttamaður í Uppsalafélaginu sem geymir hann og þrjá áðurnefnda heiðursmenn, en það var einmitt Árni sem kynnti landsmönnum Gísla í stórri grein í Morgunblaðinu snemma á níunda áratugnum og Ómar í sjónvarpsþættinum Stiklum ári síðar.

„Harri byrjaði á að taka húsið út og taldi að ekki þyrfti að eiga við steypuna að svo stöddu, en gallinn var sá að um húsið lék vatn og vindar því gluggarnir voru ónýtir og þakið lak. Nú er húsið algjörlega fokhelt eftir að við settum á það nýtt þak, dyr og glugga, og það eina sem eftir er utanhúss er að mála þak og glugga í gráum lit,“ segir Ómar sem hefur farið reglulega vestur til að vinna að endurbótum með félögum sínum.

„Næsta verk er að ganga frá húsinu að innan, endursmíða rúm Gísla og aðra húsmuni. Þegar Gísli fór skildi hann eftir sig muni sem nú eru komnir á Byggðasafnið á Hnjóti og þeim viljum við alls ekki hrófla við, enda eiga þeir góðu menn sem björguðu þeim að njóta þess áfram. Við munum því endurgera heimilið eins og það var og hengja upp stórar ljósmyndir af Gísla í herbergið, þar sem hann sýnist sitja við orgelið sitt, og hafa þar tvö tæki sem annars vegar enduróma Bæn einstæðingsins þar sem Gísli orti tvö erindi og sjónvarpstæki þar sem hægt verður að horfa á Gísla í Stiklum,“ segir Ómar um þetta einstaka safn þar sem hver gestur er safnvörður.

„Við ætlum að treysta fólki enda hefur það hingað til gengið vel um og ekkert tekið í burtu. Þarna eru enn munir eins og sokkaplögg og snærislykkjur sem Gísli notaði og þurfa að fá að vera í friði áfram. Allt eru þetta menningarverðmæti og að Uppsölum á fólk að geta komið til að upplifa karlinn og það að tíminn standi í stað, eða þá tilfinningu hans að ekkert liggi á,“ segir Ómar um ógleymanlegan Gísla sem þjóðinni varð svo kær.



Ómar Ragnarsson við gamla húsið hans Gísla á Uppsölum.

„Gísli er eitt magnaðasta dæmi um einelti sem Íslandssagan geymir. Hann hraktist út í horn strax á unga aldri því hann var lagður í einelti sem ungur maður vegna þess hvernig hann talaði. Sjálfur réttlætti hann einstæðingsskap sinn með því að hann hefði lesið um indverska jóga sem leituðu hamingjunnar með því að draga sig úr öllum skarkala, en það var hans leið til að vinna bug á eineltinu. Fólk skynjaði þetta og fann til með honum, enda kvaldist hann af einmanaleika allt sitt líf,“ segir Ómar og bætir við að Gísli sé sér lifandi á hverjum degi.

„Ég er sífellt að sýsla með Gísla, nú síðast með Bæn einstæðingsins sem kemur út á afmælisdisk mínum í flutningi Óskars Péturssonar og Kammerkórs Langholtskirkju. Ég finn því vel fyrir honum í anda og það gera líka þeir sem koma að Uppsölum.“

*thordis@frettabladid.is*






CANDY HOOVER

# CANDY heimilistækin og HOOVER ryksugurnar fást nú hjá Einari Farestveit





**Í tilefni af fyrstu sendingunni bjóðum við öll CANDY heimilistæki og allar HOOVER ryksugur með 25% afslætti í nóvember.**



**Þvottavélar**
**Þurrkarar**
**Sambyggðar þvottavélar og þurrkarar**

**Uppþvottavélar**
**Kæliskápar**
**Ofnar**
**Helluborð**
**Ryksugur**



*Lítið við og skoðið úrvalið*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18.




Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. ditto.is Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is

Gámasala/Gámaleiga
Stólpi Gámar ehf
sími **568 0505**



Gítarinn ehf ,Stórhöfða 27 Sími:552 2125 Vefsíða:www.gitarinn.is Netfang: gitarinn@gitarinn.is Gítarar í miklu úrvali, alltaf góð verð opið:mánudaga-föstudaga 10-18 laugardaga 11-16kennsluforriti Kr:19.900,- Gítarinn. Stórhöfða 27.S:552-2125,www.gitarinn.is,netfang:gitarinn@gitarinn.is

**ÞVOTTAVÉLAR**
Til sölu notaðar yfirfarnar þvottavélar og önnur heimilistæki. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00 - 17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSKnamespace prefix = o ns = „urn: schemas-microsoft-com:office:office" />~~Sími: 5520110 www.pon.is~~

## Bækur

Í tilefni 1 árs afmælis fornbókaverslunar Gvendar dúllara á vefnum bjóðum við 20% afslátt af öllum bókum 8.-19. nóv. Nýtt daglega

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

TILBOÐ
LERKI
PALLAEFNI
Aðeins kr 590 m
PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31, Reykjavík
Símar: 581 2220 - 840 0470

## Verslun




bathmate.is
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*

TUNGUHJÓLIÐ
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!
Skoðaðu úrvalið á
FLESHLIGHT.IS
og allar pantanir afgreiddar samdægurs!

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Whole bode massage 841 8529.

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**Ökukennsla - Akstursmat.**
Kenni á M.Benz C180. Get bætt við mig nokkrum nemendum. Eiríkur Hans Sigurðsson, löggiltur ökukennari. S. 895 8125. www.renta.is

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# HEIMILIÐ

## Antík

Antikklukkur og viðgerðir sérhæf viðgerðarþjónusta á gömlum klukkum og úrum Guðmundur Hermannsson úrsmíðameistari ur@ur.is S. 5547770 - 6918327

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**

Silky Terrier hvolpar. 8 vikna, tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 691 7959.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumiðlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

Íbúð til leigu. Góð 2 herb. íbúð miðsvæðis í kópavogi til leigu frá 1. des getur verið langtímaleiga. Uppl. í síma 892 2221.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. S. 892 5309.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu lítil 2.herb risíbúð í gömlu timburhúsi í miðbænum. Íbúðin er laus frá 1.des. Leiguverð er 110 þús. S. 697 3864

## Húsnæði óskast

3 reglusamir með traustar tekjur óska eftir 4herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Greiðslugeta 160þ. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Uppl. hjá oli. gsm@simnet.is

Er 22 ára stúlka frá Akranesi og er nemi við HÍ sem vantar 2 herbergja íbúð til leigu á 2.hæð eða ofar á höfuðborgarsvæðinu. Er mjög róleg, reglusöm, snyrtileg og reyklaus. rakelpals@gmail.com eða 866-4101.

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**

**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.**

**Í símaskrá ja.is undir;**

**geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**

**Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is**

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

## Gisting

Gistihúsið Himnasalir Egilsá Norður Árdal - Skagafirði. Frábær Gisting fyrir rjúpnaskyttur. Uppl í s. 892 1852

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfsfólk óskast
MOKKA KAFFI
Skólavörðustíg 3a, 101R
Opið daglega kl. 9.00 - 18.30

Vaktstjóri óskast á dagvaktir í fullt starf. Æskilegur aldur 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar veittar á staðnum.

Starfsfólk óskast
MOKKA KAFFI
Skólavörðustig 3a, 101R
Opið daglega kl. 9.00 - 18.30

Vaktstjóri óskast á dagvaktir í fullt starf. Æskilegur aldur 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar veittar á staðnum.

Ert þú forritari? Ef svo er þá höfum við verkefni fyrir þig, hafðu samband við okkur á www.nethysing.is

Óska eftir fólki til sölu og markaðsstarfa. Uppl. í s. 690 1245.

LR vantar fólk til kynningarstarfa á norðurlandi. Uppl. í s. 894 0339.

LR óskar eftir fólki til sölu og markaðsstarfa. S. 866 6063.

## Atvinna óskast

27 ára kk óskar eftir vinnu. Er með Háskólapróf en allt kemur til greina. Get byrjað strax. S. 867 5139.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Auglýsingasími**
**512 50 50**




Allt sem þú þarft...

## Til sölu

**PIZZA keðja- 3 staðir**
Til sölu PIZZA keðja með aðsetur á 3 frábærum og vinsælum stöðum.
Sameiginlegt pantanakerfi.
Mjög góð velta.
Frábært tækifæri fyrir samhenta aðila.
Leitið upplýsinga í síma 520-3500 eða 773-4700
**Fyrirtækjasala Íslands, að Ánanaustum. www.atv.is**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Nám

# Nám í Danmörku

## Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.

Erhvervsakademiet Lillebælt (áður Odense Tekniske Skole) heldur kynningu á námi við skólann **miðvikudaginn 10. nóvember 2010 kl. 20.00** í Húsi meistaranna að Skipholti 70

**Eftirfarandi námsgreinar verða kynntar:**

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Margmiðlunarhönnun
- Útflutningstæknifræði
- Orkutækni

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

LILLEBÆLT ACADEMY OF HIGHER PROFESSIONAL EDUCATION

Erhvervsakademiet Lillebælt
Munke Mose Allé 9
5000 Odense C
Danmark
tlf. 0045 - 70105800
heimasíða: www.eal.dk
E-mail: eal@eal.dk



## Útboð

# Útboð á húsgögnum og búnaði

**Totus ehf. auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í útboði á húsgögnum og búnaði fyrir Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík.**

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

**Helstu húsgögn og búnaður:**

- Húsgögn í ráðstefnusali fyrir um 1.200 manns.
- Borð fyrir veisluþjónustu fyrir um 1.000 manns.
- Fjölstillanlegir stólar og búnaður fyrir um 100 hljóðfæraleikara.
- Skrifstofuhúsgögn og stólar fyrir um 60 manns.
- Húsgögn í mötuneyti og starfsmannaaðstöðu fyrir um 150 manns.
- Húsgögn á opin almenn svæði.

**Útboðsgögn má nálgast frá og með þriðjudeginum 9. nóv., 2010, á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar, www.vso.is**

Tilboðum ásamt fylgiskjölum skal skila á skrifstofu VSÓ Ráðgjafar, Borgartúni 20, 105 Reykjavík, eigi síðar en **kl. 14 þriðjudaginn 30. nóvember 2010**, þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

ÍSLENSKA SIA.IS POR 52250 11.2010

# Fantasía og töfrar í bókmenntum

Norræna bókasafnsvikan er nú haldin hátíðleg í fjórtánda sinn í bókasöfnum um land allt og í nágrannalöndunum.

Dagskráin er fjölbreytt að vanda þar sem lesnir verða textar út frá þemanu fantasía og töfrar í norrænum bókmenntum og ýmis atriði því tengd verða í boði.

Textar ársins eru Låt den rätte komma in eða Hleyp þeim rétta inn eftir sænska rithöfundinn John Ajvide Lindqvist, Völuspá, Dóttir ávítarans eftir dönsku skáldkonuna Lene Kaaberbøl og Sagan af bláa hnettinum eftir rithöfundinn Andra Snæ Magnason.

Tilgangur Norrænu bókasafnsvikunnar er að glæða hina gömlu norrænu sagnahefð lífi og er sami texti lesinn upp á sama tíma í öllum bókasöfnunum. Allt að 100 íslensk bókasöfn eru skráð til þátttöku í ár og alls eru þau um 1.500 á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Þess má geta að upphaf bókasafnsvikunnar markaði jafnframt lok norrænu listahátíðarinnar Ting í Reykjavík.

Allar nánari upplýsingar um Norrænu bókasafnsvikuna, þema og texta vikunnar má nálgast á www.bibliotek.org/ - jbá



**MIKIL ÞÁTTTAKA** Allt að 100 íslensk bókasöfn taka þátt í Norrænu bókasafnsvikunni.



**RAUÐVÍN** Fimmtán vín hlutu Gyllta glasið í blindsmökkun.

## Fimmtán vín fá Gyllta glasið

Vínþjónasamtök Íslands hafa undanfarin sex ár afhent Gyllta glasið, verðlaun sem vín fá sem hafa verið smökkuð blint af vínþjónum og fagfólki.

Að þessu sinni var dómnefnd öflugri en ella því bestu vínþjónar Norðurlanda og forsetar Vínþjónasamtakanna á Norðurlöndum, sem voru staddir hér á landi fyrir Norðurlandamót vínþjóna, tóku þátt.

Þau vín sem máttu keppa um Gyllta glasið urðu að uppfylla viss skilyrði. Þau áttu að vera í verðflokki frá 1.790 kr. til 3.000 kr. og máttu koma frá öllum heiminum.

120 vín skiluðu sér og voru blindsmökkuð. Fimmtán vín hlutu Gyllta glasið, fimm hvít og tíu rauð. Þau þykja gefa ágætis mynd af því besta sem fæst á landinu. Gyllta glasið gildir svo um þann árgang sem dæmdur var en vínin eru merkt með límmiða í Vínbúðum.

Vínþjónasamtökin verða með boð í dag á Dill Restaurant í Norræna húsinu, milli klukkan 17 og 18. Þar er hægt er að smakka vínin sem hlutu Gyllta glasið. Tilkynna þarf þátttöku fyrirfram.



**VEI** Tríóið dregur nafn sitt af upphafsstöfum liðsmannanna, Valgerðar, Einars og Ingibjargar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

## VEI spilar á Kjarvalsstöðum

Tríóið VEI, sem skipað er Valgerði Andrésdóttur píanóleikara, Einari Jóhannessyni klarínettuleikara og Ingibjörgu Guðjónsdóttur sópransöngkonu, býður til tónlistarveislu í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum á miðvikudag klukkan 20.

Þau munu þar flytja einleiksog kammerverk eftir Stravinskí, Rachmaninoff, Glinka, Lutoslawski og Schubert. Gestaspilari á tónleikunum er fagottleikarinn Rúnar Vilbergsson.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og miðinn kostar 1.500 krónur, en 500 krónur fyrir nemendur, öryrkja og eldri borgara. - fsb



## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. ofstopi, 6. rún, 8. laus greinir, 9. gagn, 11. mun, 12. mörk, 14. safna saman, 16. í röð, 17. forað, 18. væta, 20. þys, 21. lokka.

**LÓÐRÉTT**
1. áfengisblanda, 3. íþróttafélag, 4. eyja, 5. svelg, 7. heimilistæki, 10. næði, 13. gifti, 15. skrambi, 16. samræða, 19. stöðug hreyfing.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. ofsi, 6. úr, 8. hið, 9. nýt, 11. ku, 12. skógi, 14. smala, 16. tu, 17. fen, 18. agi, 20. ys, 21. laða.
**LÓÐRÉTT:** 1. púns, 3. fh, 4. síkiley, 5. iðu, 7. ryksuga, 10. tóm, 13. gaf, 15. ansi, 16. tal, 19. ið.


BORGIR FASTEIGNASALA

## Hraunbrekkur - Húsafelli



Stórglæsilegur nýbyggður sumarbústaður á tveimur hæðum ásamt stóru geymslu og gestahúsi. Húsið stendur á leigulóð í Húsafelli. Lóð er mjög gróin.

Eitt glæsilegasta frístundahús landsins til sölu. Staðsetning, Húsafell, þekkt fyrir einstaka veðursæld og náttúrufegurð, sundlaug, golfvöllur og mini market í göngufæri.
Nánari lýsing. Aðalhús.
Gengið inn í forstofu með skápum og flísum á gólfi, þaðan gengið inní alrými þ.e. eldhús og stofu stofan er með mikilli lofthæð og glæsilegum arni , stór hurð úr stofu útá pall. Eldhús með sérsmiðuðum innréttingum (liggjandi eik) steinn í borðplötum, glæsileg eldhústæki. Stórt baðherbergi flísalgat í hólf og gólf með stórri sturtu , lagt fyrir þvottavél. Útgengt í pott úr baðherbergi. Tvö svefnherbergi eru á jarðhæð álíka stór, kojur í báðum, neðri koja 140 cm, efri 80 cm. Á efri hæð er stórt sjónvarpsherbergi, útgengt út á svalir sem snúa til austurs. Baðherbergi er einnig á hæðinni sem og stórt hjónaherbergi með góðum svölum sem snúa til vesturs.

Gesthús/geymsla. Ágætt herbergi hjónarúmi og snyrtingu. Geymsla er í enda fyrir grill og fl. Þess háttar. Gólfefni í báðum húsunum eru parket og flísar, hiti er í gólfum nema á efri hæð þar eru ofnar, lýsing er hönnuð af Lúmex. Hiti er í stéttum. Stór pallur er við húsið þar sem er heitur pottur . Borið var á hús og glugga í sumar

Furugerði v. Álmgerði • Sími 588-2030 • Fax 588-2033
Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir





512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


# Barnabækur fyrir bókabörn

**BAKÞANKAR**
**Gerðar Kristnýjar**



Fyrir ári heyrði ég einn stjórnenda menningarþáttarins Víðsjár á Rás 1 hafa á orði að það væri erfitt að gagnrýna barnabækur því þær væru fyrir svo „afmarkaðan hóp“. Barnabækur eru merkilegt nokk ekki gagnrýndar í Víðsjá en þó eru barnaleikrit tekin þar fyrir eins og ekkert sé – svona eins og barnaleikrit séu fyrir óafmarkaðri hóp en barnabækur. Þetta þýðir að leikritið um Fíusól eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur var gagnrýnt í Víðsjá en ekki bækurnar um þetta vinsæla stelpuskott.

**MÉR** varð hugsað til ummæla útvarpsmannsins í síðustu viku þegar ég las gagnrýni Helga Snæs Sigurðssonar, blaðamanns á Morgunblaðinu, um Forngripasafnið, glænýja barnabók eftir Sigrúnu Eldjárn. Þar skrifar Helgi Snær: „Það er vandaverk fyrir fullorðna manneskju að rýna í bækur sem ætlaðar eru fólki á öðru þroskastigi og getur reynst erfitt að meta hvort barnasögur höfði til barna.“ Degi síðar birtir Mogginn gagnrýni um barnaleikritið Dísu ljósálf eftir sama blaðamann og þá er ekki sleginn neinn varnagli. Helgi Snær fullyrðir að bókin um ævintýri ljósálfsins hafi „gengið kynslóða á milli á íslenskum heimilum og vakið aðdáun barna og foreldra…“

**EINMITT,** góð bók hrífur fólk sama á hvaða aldri það er, sama fyrir hvaða hóp hún var upphaflega skrifuð. Ég efast um að Astrid Lindgren hafi haft 37 ára gamlar konur í huga þegar hún skrifaði Madditt og Betu en þegar ég las hana fyrst, komin á þann aldur, fannst mér þetta hljóta að vera ein skemmtilegasta bók sem ég hefði lesið. Fjögurra ára gamalt barn getur líka haft feikigaman af að heyra um útistöður Skarphéðins Njálssonar þótt höfundur Njálu hljóti að hafa ætlað söguna eldri hlustendum.

**BARNABÆKUR** eiga skilið nákvæmlega sömu virðingu og bækur fyrir fullorðna. Þeir sem fjalla um þær þurfa ekkert að afsaka sig eða láta eins og þeir séu að taka niður fyrir sig. Öll eigum við það sameiginlegt að hafa einhvern tímann verið börn og hljótum að geta rifjað upp hvað það var sem fékk barnshjartað til að taka kipp, hvort sem það var þegar halastjarna ógnaði lífinu í Múmíndal eða þegar Anna, Finnur, Jonni og Dísa festust inni í ævintýrahelli klyfjuð marmelaði og rótarbjór. Ég tala nú ekki um þegar Beta ratar aftur heim til Maddittar systur sinnar í yndisbókinni Sjáðu Madditt, það snjóar! Þegar slík verk eru lesin skiptir engu máli á hvaða þroskastigi við erum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Lykt og bragð af liðnum tíma

Bækur ★★★★★

**Svar við bréfi Helgu**

Bergsveinn Birgisson

Strandamenn hafa undanfarin ár ræktað sérkenni sín og kynnt þau af miklum dugnaði og hugmyndaríki fyrir öðrum landsmönnum. Af Ströndum koma galdramenn eins og öllum ætti að vera orðið kunnugt og þar er stundað hrútaþukl af meiri áhuga og þekkingu en víðast hvar annars staðar á landinu. Af Ströndum koma líka þekktir sagnamenn og þaðan kemur Bergsveinn Birgisson.

Allt skiptir þetta máli fyrir nýjustu skáldsögu Bergsveins, Svar við bréfi Helgu. Þetta er stutt saga, alltof stutt finnst manni þegar dregur að lokum lestrar. Öll sagan er í formi bréfs sem skrifað er til konu sem heitir Helga eins og titillinn ber með sér. Bréfritarinn er ekkill sem farinn er að nálgast nírætt, ástmaður Helgu, sem hefur notið með henni skammvinnrar og forboðinnar sælu utan hjónabanda þeirra beggja á tímabili sem hann kallar „fengitíð lífs síns“. Saga elskendanna er einföld í sniðum, harmleikur tveggja mannsæva þarf ekki að felast í stóratburðum eða hamförum sem vekja athygli annarra. En í sögunni birtast líka djúpstæðar andstæður milli heimahaganna og borgarinnar, nútímans og neyslumenningar hans annars vegar og nægjusemi gamla samfélagsins hins vegar. Sögumaður er íhaldssamur, og sagan öll er óður til gamla samfélagsins án þess að verða nokkurn tíma fyrirsjáanleg eða breytast yfir í ómengaða fortíðarþrá eða nostalgíu.

Ástarsagan og samfélagsmynd sögunnar eru sterk og áhrifamikil. En það er stíll sögunnar og tungutak sem gera hana að þeirri lestrarnautn sem raun ber vitni. Bergsveinn endurreisir í sögunni tungumál sem er líklega orðið flestum framandi. Það er megn hrútalykt í þessari sögu og það er hér meint sem hreint og ómengað hrós. Sögumaður er fjárbóndi og forðagæslumaður í sinni sveit, tungutak hans er mettað af tali um sauðfé og sköpulag þess en það er líka eins og dregið út úr landslagi og umhverfi bónda á afskekktri strönd sem lifir lífi sem er ekki nema einu skrefi frá algerum sjálfsþurftarbúskap. Sagan er holdleg og á köflum ögrandi þar sem renna saman líkamar manneskjanna og sauðkindarinnar þannig að varla verður skilið á milli.

Fyrir mér voru endurfundir við orðræðu kynbóta á sauðfé endurfundir við tungumál fortíðar og þannig er það líklega fyrir fleiri sem koma úr sveit eða hafa dvalið þar langdvölum. En ég velti því fyrir mér hvort lestur sögunnar geti ekki verið ennþá magnaðri upplifun fyrir þann sem aldrei hefur lesið lýsingar á kynbótahrútum, aldrei „verið í sveit“ eða átt þar heima. Stíllinn á Svari við bréfi Helgu er framandlegur og bragðsterkur, hann sækir kraft sinn í tungutak sem er mörgum horfið og enn fleiri hafa aldrei þekkt. Þetta tungumál lifnar við í sögunni, færir með sér lykt, bragð og áferð úr öðrum tíma.

Jón Yngvi Jóhannsson

**Niðurstaða:** Svar við bréfi Helgu er sjaldgæf perla þar sem nútíð og fortíð, borg og sveit mætast og renna saman í óviðjafnanlegum texta.



**BERGSVEINN BIRGISSON** „Bergsveinn endurreisir í sögunni tungumál sem er líklega orðið flestum framandi,“ segir í ritdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BONO OG THE EDGE** Söngleiknum um Köngulóarmanninn hefur verið frestað.

# Spiderman frestað

**Frumsýningu söngleiksins Spiderman á Browadway eftir Bono og The Edge úr U2 hefur verið frestað. Söngleikurinn átti að hefjast í New York 14. nóvember en núna hefur uppfærslunni verið frestað um að minnsta kosti viku. Samkvæmt fregnum vestanhafs eru æfingarnar ekki komnar nógu langt á veg til að Spiderman geti farið á fjalirnar. Svo gæti meira að segja farið að söngleikurinn verði ekki frumsýndur fyrr en í desember eða snemma á næsta ári. Bono og The Edge sömdu tónlistina við söngleikinn en hafa ekki tekið þátt í æfingaferlinu.**




SAGNAARFURINN LIFNAR VIÐ

Alþjóðleg teiknimynd um Þór væntanleg!

DYNAMO REYKJAVÍK

ÁTÖK Í GOÐHEIMUM



Þór Óðinsson á sér þá ósk heitasta að verða vígður inn í goðheima en lendir í ógöngum og þarf að kljást við öfluga óvini. Fyrr en varir er allt líf í mannheimum og goðheimum í uppnámi og af stað fer æsispennandi atburðarás!

Mögnuð saga úr goðheimum, skrásett af **Friðriki Erlingssyni.**

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

# NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STONE | 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| MACHETE | 8 og 10.15 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 6 | L |
| SOCIAL NETWORK | 7.30 og 10 | 7 |
| AULINN ÉG 3D | 6 | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 | 16 |
| THE TOWN | kl. 5:30 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 10:30 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D | kl. 6 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| RED | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D ísl. Tali | kl. 3.55 og 6.15 | L |
| DUE DATE | kl. 4 - 5.45 - 8 - 8.20 og 10.15 | 10 |
| RED | kl. 3.45 - 6 - 8.05 og 10.30 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | kl. 4 | L |
| ÓRÓI | kl. 5,55 | 10 |
| THE SWITCH | kl. 6 - 10:20 | 10 |
| LET ME IN | kl. 10,40 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE SWITCH | kl. 5:50 - 8 | 10 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótxt Ensku | kl. 5:50 | L |
| THE TOWN | kl. 10:20 | 16 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á HOPAR@SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 FULLKOMIN GÆÐI

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| MACHETE LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAKERS | kl. 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| KIDS ARE ALLRIGHT | kl. 10 | 12 |
| MEÐ HANGANDI HENDI | kl. 6 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 6 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%




# BRÆÐUR Á TOPPLISTA

**Bræðurnir Friðrik Dór og Jón Jónssynir gera það báðir gott í poppinu og eiga lög á vinsældalistum.**



**ENGINN RÍGUR Á MILLI** Friðrik Dór og Jón Jónssynir bakka hvor annan upp í tónlistinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég held að salan á plötunni gangi bara mjög fínt,“ segir Friðrik Dór Jónsson sem á dögunum gaf út plötuna Allt sem þú átt, en hún er í 3. sæti á Tónlist.is. Það er ekki aðeins að platan sé ofarlega á plötulistanum, heldur á Friðrik hlut í þremur lögum á öðrum topplista Tónlist.is. Það eru lögin Til í allt, Hún er alveg með'etta og Keyrumettígang, sem hann syngur með Erpi og Henriki Biering.

„Það er ágætt ef platan er að fá fínar viðtökur, ég stefni nú á slatta seld eintök fyrir jólin,“ segir Friðrik Dór. Athyglisvert er að sjá að í neðsta sæti listans situr eldri bróðir Friðriks, Jón Jónsson, með lagið Kiss in the Morning. „Hann er búinn að vera á einhverjum Bylgjulistum og ég á einhverjum FM-listum, svo það er gaman að vera saman á lista svona einu sinni. En mín þrjú lög eru samt öll fyrir ofan hans lag,“ segir Friðrik og hlær.

Jón segir engan meting vera á milli þeirra bræðra. „Ég átti afmæli tveimur dögum eftir að platan hans Frikka kom út og hann ætlaði að gefa mér hana í afmælisgjöf. Ég afþakkaði það því ég vildi sjálfur fara og kaupa plötuna. Maður verður að bakka litla bróður upp í þessu,“ segir Jón og bætir við að það sé hægara sagt en gert að nálgast eintak af plötunni í gegnum fjölskylduna. „Krakkarnir sem eru að hlusta á Frikka eru að hlaða tónlistinni niður af netinu, svo maður verður að vera svolítið harður í þessu.“

Á plötunni hans Friðriks Dórs má finna dúett með þeim bræðrum. Lagið heitir „Það ert þú“. „Þetta er alveg rándýr dúett,“ segir Friðrik, léttur í bragði, en lagið er í RnB fíling eins og platan hans í heild sinni.

Jón hefur lengi æft fótbolta og því vert að spyrja hvort hann ætli að leggja takkaskóna á hilluna og einbeita sér alveg að tónlistinni. „Nei, ég ætla nú líka að halda áfram í boltanum. Ég var reyndar að koma úr hnéaðgerð, svo ég er ekki alveg í standi eins og er, en ég verð kominn á fullt í vor,“ segir Jón, sem spilar með FH. „Það kemur vonandi plata frá mér á nýju ári. Ég á allavega fullt af lögum sem þarf bara að vinna aðeins meira í,“ segir Jón. „Þá kannski treð ég mér fyrir ofan Frikka á þessum listum,“ segir Jón og hlær. **kristjana@frettabladid.is**

# Góðar sögur í útgáfuteiti

Hið árlega bókaflóð sem skellur yfirleitt á um jólin er farið að láta á sér kræla og nýjar íslenskar bækur prýða nú glugga velflestra bókabúða.

Bókaforlagið Sögur hélt veglegt útgáfuteiti í Eymundsson við Skólavörðustíg þar sem rithöfundar komu við og lásu upp úr verkum sínum við góðar undirtektir gesta og gangandi. Þá eldaði kokkalandsliðið upp úr nýjustu bókinni sinni þar sem finna má einfaldar uppskriftir að ljúffengum réttum. **-fgg**



Gunnar Theódór Eggertsson gefur út bókina Köttum til varnar hjá JPV en stóðst ekki mátið og gæddi sér á matnum frá kokkalandsliðinu. Hér er hann ásamt Yrsu Þöll Gylfadóttur.



Óttar M. Norðfjörð kom frá Sevilla á Spáni og las upp úr nýjustu bókinni sinni, Áttablaða rósin. Hér er hann ásamt Sverri Norðfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


BÍÓ ★ PARADÍS CAFÉ BAR

| | |
|---|---|
| SUBMARINO (14) | 18:00, 20:00 |
| HÖLLIN (L) | 18:30 |
| MEÐ HANGANDI HENDI (L) | 18:10, 20:10 |
| ÁFRAM STELPUR! (L) | 18:20 |
| NORÐ VESTUR (L) | 20:20 |
| KVENNASTRÍÐIÐ (UNIFEM, 750 KR.) | 20:00 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN!
Meðlimakort: 10% afsláttur
Áskriftarkort: allt að 37% afsláttur




Galleri Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 8.nóvember, kl. 18 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg




Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd í dag mánudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

# KVÖLDOPNUN KL. 21.00!

# CALL OF DUTY BLACK OPS




**PS3**
**10.999,-**

Það er alltaf viðburður þegar nýr Call of Duty leikur lítur dagsins ljós, en flestir búast við að Black Ops verði stærsti leikur ársins.







## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK! AÐEINS Í KRINGLUNNI

S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

# sport

sport@frettabladid.is



**FÆREYSKUM LEIKMÖNNUM** fer sífellt fjölgandi sem ganga til liðs við Val. Í gær var tilkynnt að félagið hefði gert tveggja ára samning við landsliðsbakvörðinn Jónas Þór Næs, sem reyndar er hálfur Íslendingur. Fyrir voru Valsmenn búnir að fá einn Færeying og eru með þann þriðja til reynslu. Kristján Guðmundsson, þjálfari Vals, þekkir vel til í Færeyjum þar sem hann þjálfaði HB í Þórshöfn í sumar.

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin

**Birmingham - West Ham** **2-2**
0-1 Frederic Piquionne (47.), 0-2 Valon Behrami (57.), 1-2 Cameron Jerome (63.), 2-2 Liam Ridgewell (72.).

**Blackburn - Wigan** **2-1**
1-0 Morten Gamst Pedersen (57.), 2-0 Jason Roberts (67.), 2-1 Charles N'Zogbia (73.).

**Blackpool - Everton** **2-2**
1-0 Neal Eardley (9.), 1-1 Tim Cahill (12.), 2-1 David Vaughan (47.), 2-2 Seamus Coleman (49.).

**Bolton - Tottenham** **4-2**
1-0 Kevin Davies (30.), 2-0 Grétar Rafn Steinsson (55.), 3-0 Kevin Davies (75.), 3-1 Alan Hutton (78.), 3-2 Roman Pavlyuchenko (86.), 4-2 Martin Petrov (93.).

**Fulham - Aston Villa** **1-1**
0-1 Marc Albrighton (40.), 1-1 Brede Hangeland (94.).

**Manchester United - Wolves** **2-1**
1-0 Park Ji-Sung (44.), 1-1 Sylvan Ebanks-Blake (65.), 2-1 Park Ji-Sung (92.).

**Sunderland - Stoke** **2-0**
1-0 Asamoah Gyan (8.), 2-0 Asamoah Gyan (85.) Eiður Smári Guðjohnsen var ekki í leikmannahópi Stoke.

**Arsenal - Newcastle** **0-1**
0-1 Andy Carroll (45.).

**West Brom - Manchester City** **0-2**
0-1 Mario Balotelli (20.), 0-2 Mario Balotelli (26.)

**Liverpool - Chelsea** **2-0**
1-0 Fernando Torres (11.), 2-0 Fernando Torres (44.).

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **11** | **8** | **1** | **2** | **27-5** | **25** |
| Man. United | 11 | 6 | 5 | 0 | 24-13 | 23 |
| **Arsenal** | **11** | **6** | **2** | **3** | **22-11** | **20** |
| Man. City | 11 | 6 | 2 | 3 | 15-10 | 20 |
| **Newcastle** | **11** | **5** | **2** | **4** | **20-14** | **17** |
| Bolton | 11 | 3 | 6 | 2 | 17-16 | 15 |
| **Tottenham** | **11** | **4** | **3** | **4** | **13-14** | **15** |
| Sunderland | 11 | 3 | 6 | 2 | 11-12 | 15 |
| **Liverpool** | **11** | **4** | **3** | **4** | **12-14** | **15** |
| West Brom | 11 | 4 | 3 | 4 | 14-19 | 15 |
| **Everton** | **11** | **3** | **5** | **3** | **12-10** | **14** |
| Blackpool | 11 | 4 | 2 | 5 | 17-23 | 14 |
| **Fulham** | **11** | **2** | **7** | **2** | **13-12** | **13** |
| Aston Villa | 11 | 3 | 4 | 4 | 10-14 | 13 |
| **Birmingham** | **11** | **2** | **6** | **3** | **12-14** | **12** |
| Blackburn | 11 | 3 | 3 | 5 | 11-13 | 12 |
| **Stoke City** | **11** | **3** | **1** | **7** | **10-16** | **10** |
| Wigan Athletic | 11 | 2 | 4 | 5 | 8-20 | 10 |
| **Wolves** | **11** | **2** | **3** | **6** | **11-18** | **9** |
| West Ham | 11 | 1 | 4 | 6 | 9-20 | 7 |

### Sænska úrvalsdeildin

**Djurgården - Halmstad** **0-2**
Jónas Guðni Sævarsson var ekki í liði Halmstad.

**Elfsborg - GAIS** **0-1**
Hallgrímur Jónasson lék allan leikinn fyrir GAIS og Eyjólfur Héðinsson kom inn á sem varamaður.

**IFK Gautaborg - Gefle** **2-2**
Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson léku allan leikinn fyrir IFK. Theodór Elmar Bjarnason var ónotaður varamaður.

**Åtvidaberg - AIK** **1-1**
Helgi Valur Daníelsson lék allan leikinn fyrir AIK.

### Norska úrvalsdeildin

**Strömsgodset - Lilleström** **5-4**
Stefán Logi Magnússon og Björn Bergmann Sigurðarson léku allan leikinn fyrir Lilleström.

**Brann - Odd Grenland** **1-1**
Gylfi Einarsson var á bekknum hjá Brann en Birkir Már Sævarsson var ekki í hópnum. Árni Gautur Arason var á bekknum hjá Odd Grenland.

**Molde - Stabæk** **1-0**
Bjarni Ólafur Eiríksson og Pálmi Rafn Pálmason léku allan leikinn fyrir Stabæk. Veigar Páll Gunnarsson var ekki í leikmannahópi liðsins.

**Sandefjord - Hönefoss** **6-1**
Kristján Örn Sigurðsson lék allan leikinn fyrir Hönefoss.

**Viking - Kongsvinger** **3-1**
Birkir Bjarnason skoraði tvö mörk fyrir Viking. Hann lék allan leikinn, eins og Indriði Sigurðsson.

# Torres sá um meistarana

**Fernando Torres er aftur kominn á fullt. Liverpool vann sinn fjórða sigur í röð í gær og skoraði Torres bæði mörkin í 2-0 sigri á Englands- og bikarmeisturum Chelsea. Aðeins tvö stig skilja að Chelsea og Manchester United á toppnum.**



**TÖFRAMAÐURINN TORRES** Fernando Torres fór illa með Chelsea í gær og skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri Liverpool á meisturunum. NORDIC PHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Eftir ótrúlegt ár þar sem skipt hefur verið bæði um knattspyrnustjóra og eigendur hjá Liverpool virðist loksins betri tíð í vændum fyrir stuðningsmenn liðsins. Liverpool vann í gær 2-0 sigur á toppliði Chelsea á heimavelli sínum og kom sér þar með í fyrsta sinn í langan tíma í efri hluta deildarinnar.

Fernando Torres hefur varla verið svipur hjá sjón í haust en hann virðist vera aftur kominn í sitt besta form. Hann var frábær gegn Chelsea í gær og skoraði bæði mörk Liverpool í fyrri hálfleik í gær.

„Við vorum ekki nægilega góðir í upphafi tímabilsins," sagði Torres í gær. „En allt frá byrjun töldum við okkur þurfa tíma til að vinna með nýjum stjóra og nýjum leikmönnum. Við höfum núna sýnt liðunum sem eru um miðja deild, eða liðum sem eru ekki jafn góð og Chelsea, að við getum spilað eins vel og við gerðum í dag."

Hann segir mikilvægt að halda liðinu áfram á sigurbraut en Liverpool á næst leiki gegn Wigan og Stoke. „Við verðum að halda áfram að vinna. Við höfum unnið þrjá leiki á síðustu sjö dögum en við verðum að gleyma því núna og halda áfram að safna stigum."

Torres hefur þurft að glíma við meiðsli undanfarnar vikur og mánuði. „Þetta hefur verið erfitt fyrir mig en ég er að æfa og bæta mig á hverjum degi. Ég veit ekki hvenær ég mun ná mínu besta fram en það mun ég gera eins fljótt og hægt er. Ég veit hvaða væntingar eru gerðar til mín en ég get tekist á við þær."

Roy Hodgson, stjóri Liverpool, var harðlega gagnrýndur þegar gengi liðsins var sem verst í haust en núna virðist allt breytt. Hann ítrekaði mikilvægi Torres eftir leikinn í gær.

„Hann var þreyttur í seinni hálfleik en hélt áfram að hlaupa, skapa sér svæði og varnarmönnum Chelsea vandræði. Hann er okkur afar mikilvægur og væri svo sem öllum félögum mikilvægur leikmaður. Það er líka erfitt að njóta velgengni í starfi ef maður á ekki leikmenn sem standa sig vel fyrir mann."

Hann vonast til þess að Torres geti litið til baka í vor og verið ánægður með tímabilið. „Hann vill að félaginu gangi vel og við erum á réttri leið. Það er bjart fram undan með nýjum eigendum félagsins."

Sjálfur hafði hann aldrei áhyggjur af starfinu sínu. „Maður verður bara að þola ýmislegt og halda áfrm að vinna með liðinu. Þeir þurfa að svara fyrir gagnrýnina inni á vellinum. Við erum ekki slæmt lið og við erum að vinna að því að gera það enn betra."

Þrátt fyrir tapið er Chelsea enn á toppi deildarinnar með 25 stig, tveimur meira en Manchester United sem vann góðan 2-1 sigur á Wolves um laugardaginn. Alex Ferguson, stjóri United, hélt upp á 24 ára starfsafmæli þá en leiksins verður þó helst minnst fyrir stutta innkomu Owens Hargreaves.

Hargreaves var óvænt í byrjunarliði United í fyrsta sinn í rúm tvö ár en þurfti að fara af velli eftir aðeins rúmar fimm mínútur vegna meiðsla.

Newcastle vann óvæntan 1-0 útisigur á Arsenal á útivelli í gær með marki vandræðagemlingsins Andy Carroll sem var aftur í kastljósi fjölmiðlanna um helgina fyrir hegðun sína utan vallar.

Mario Balotelli var bæði hetja og skúrkur Manchester City er liðið vann 2-0 sigur á West Brom. Hann skoraði bæði mörk liðsins en var svo vikið af velli með rautt spjald í síðari hálfleik.

City hafði tapað þremur leikjum í röð og stjóra liðsins, Roberto Mancini, var létt. „Við vorum frábærir. Strákarnir voru frábærir og spiluðu vel," sagði Mancini og hrósaði einnig Balotelli. „Hann spilaði mjög vel. Hann skoraði tvö mörk og stóð sig mjög vel hvað mig varðar."

Mancini var þó ósáttur við rauða spjaldið sem hann fékk. „Dómarinn á ekki að geta sýnt rauða spjaldið fyrir þetta."

eirikur@frettabladid.is



**GUNNAR NELSON** Vann tvöfalt á Íslandsmótinu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnar Nelson í Jiu-Jitsu:

## Fékk óvænta mótspyrnu

**BARDAGAÍÞRÓTTIR** Íslandsmótið í brasilísku Jiu-Jitsu fór fram um helgina en um 80 keppendur voru skráðir til leiks. Gunnar Nelson og Auður Olga Skúladóttir unnu bæði tvöfalt – í sínum þyngdarflokki sem og í opnum flokki.

Gunnar Nelson þykir einn efnilegasti bardagakappi heims í blönduðum bardagalistum (MMA) en fékk óvænta mótspyrnu um helgina þegar hann mætti hinum sautján ára Sighvati Helgasyni. Gunnar hafði þó betur í framlengingu og lagði svo Þráin Kolbeinsson í úrslitarimmunni í opnum flokki. Sighvatur er Norðurlandameistari í sínum aldursflokki.

Alls eru iðkendur í íþróttinni um 400 talsins en flestir verðlaunahafar helgarinnar komu úr Mjölni. - esá

Norski fótboltinn:

## Íslendingaslagur í umspilinu

**FÓTBOLTI** **Það verður Íslendingaslagur í umspilinu í norsku úrvalsdeildinni síðar í mánuðinum. Gunnar Heiðar Þorvaldsson og félagar í Fredrikstad urðu í þriðja sæti norsku B-deildarinnar en lokaumferð deildarinnar fór fram í gær.**

**Þeir mæta því Hönefoss, liði Kristjáns Arnar Sigurðssonar, sem urðu í þriðja neðsta sæti úrvalsdeildarinnar. Gunnar Heiðar kom þó ekki við sögu þegar Fredrikstad gerði 2-2 jafntefli við Bryne á útivelli í gær.**

**Hönefoss er nýliði í norsku úrvalsdeildinni en Kristján Örn kom til liðsins fyrir tímabilið frá Brann. Kristján Örn og félagar þurfa því að berjast fyrir sæti sínu í deildinni í tveimur leikjum gegn Fredrikstad, sem féll úr úrvalsdeildinni í fyrra, einmitt eftir umspil.**

**Sogndal og Sarpsborg 08 tryggðu sér sæti í úrvalsdeildinni í gær og taka þar sæti Kongsvinger og Sandefjord.** - esá


www.lyfja.is

LYFJA
– Lifið heil




Hjúkrunarþjónusta
í Lyfju Lágmúla

Veitum ýmsa sérhæfða þjónustu, m.a. ráðgjöf við val og notkun á vörum fyrir sykursjúka.
Láttu okkur mæla blóðsykurinn.

Þjónustan er veitt virka daga frá kl. 8 til 17.

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 52165 11/10


Tímabilið búið í Noregi og Svíþjóð:

## Sögulegt hjá Rosenborg



**FÓTBOLTI** Rosenborg náði sögulegum árangri í norsku úrvalsdeildinni um helgina er liðið gerði 2-2 jafntefli við Álasund í lokaumferð deildarinnar. Jafnteflið þýddi að Rosenborg fór taplaust í gegnum tímabilið en alls vann liðið nítján leiki og gerði ellefu jafntefli.

Rosenborg var fyrir löngu búið að tryggja sér meistaratitilinn í 22. sinn í sögu félagsins. Þetta var enn fremur fimmtándi titill hins 69 ára gamla Nils Arne Eggen (í mynd) sem tók við liðinu aftur í maí eftir að Erik Hamrén tók við sænska landsliðinu. Hann mun nú aftur hætta og Jan Jönsson, sem þjálfað hefur Stabæk, mun taka við.

Malmö tryggði sér sænska meistaratitilinn um helgina með öruggum 2-0 sigri á Mjällby í lokaumferðinni. Þetta var í nítjánda sinn í sögu félagsins sem liðið verður meistari og í fyrsta sinn síðan 2004. - esá


CALL OF DUTY
BLACK OPS
ÚTGÁFUPARTÝ Í KVÖLD!
Tryggðu þér eintak í kvöld!
PS3
PlayStation Network
CALL OF DUTY
BLACK OPS
treyarch
ACTIVISION
Call of Duty Black Ops
Ein besta leikjasería allratíma snýr aftur með Black Ops. Söguþráður sem fer með þig um allan heim allt frá Kúbu til Víetnams. Láttu skotin dynja yfir vini þína í skemmtilegustu online spilun til þessa.
PC 9.990,-
PS3 11.990,-
X360 11.990,-
Hardened Edition & Prestige Edition í takmörkuðu magni!
VELKOMIN Í PARTYIÐ!
· PIZZUR OG PEPSI MAX FYRIR ALLA*
· PRUFUKEYRÐU LEIKINN Í 3D - ÓTRÚLEG UPPLIFUN
· ÞEIR SEM MÆTA Í CAMOUFLAGE GÆTU UNNIÐ „HARDENED EDITION“!
PARTÝIÐ HEFST KL. 19.00 OG LEIKURINN Í SÖLU KL. 21:00
* Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
pepsi MAX
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA
- BORGAÐU MINNA
KRINGLAN · 588 9400 · WWW.GAMESTODIN.IS · FACEBOOK.COM/GAMESTODIN

# ÚRSLIT

## Powerade-bikarkeppni karla

**32-LIÐA ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| Hekla - Ármann | 52-96 |
| Reynir Sandgerði - Hamar | 40-97 |
| Þór, Þorlákshöfn - FSu | 114-79 |
| Laugdælir - Leiknir Reykjavík | 80-73 |
| Stjarnan B - Njarðvík B | 82-87 |
| Patrekur - Keflavík | 76-99 |
| ÍG - Skallagrímur | 70-74 |
| Stál-úlfur - Haukar | 63-114 |
| Víkingur Ólafsvík - Snæfell | 45-129 |
| Valur - ÍR | 71-98 |
| Breiðablik - Tindastóll | 49-78 |

## N1-deild karla

| | |
|---|---|
| Haukar - Selfoss | 31-25 (16-11) |

## N1-deild kvenna

| | |
|---|---|
| ÍBV - HK | 27-27 (13-16) |
| ÍR - Valur | 12-48 (8-23) |
| FH - Fram | 27-37 (12-18) |
| Fylkir - Grótta | 32-23 (19-12) |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fram** | **6** | **6** | **0** | **0** | **220-114** | **12** |
| Valur | 6 | 5 | 0 | 1 | 218-121 | 10 |
| **Stjarnan** | **5** | **4** | **0** | **1** | **164-135** | **8** |
| Fylkir | 6 | 4 | 0 | 2 | 176-150 | 8 |
| **ÍBV** | **5** | **2** | **1** | **2** | **138-134** | **5** |
| HK | 6 | 2 | 1 | 3 | 145-168 | 5 |
| **FH** | **5** | **2** | **0** | **3** | **133-132** | **4** |
| Haukar | 5 | 2 | 0 | 3 | 109-146 | 4 |
| **Grótta** | **6** | **0** | **0** | **6** | **136-208** | **0** |
| ÍR | 6 | 0 | 0 | 6 | 91-222 | 0 |

## Þýska úrvalsdeildin

**Lübbecke - Rheinland 33-22**
Þórir Ólafsson skoraði fjögur mörk fyrir Lübbecke og Sigurbergur Sveinsson fimm fyrir Rheinland.

**Gummersbach - Füchse Berlin 32-34**
Alexander Petersson skoraði sjö mörk fyrir Füchse Berlin.

**Ahlen-Hamm - Wetzlar 27-30**
Kári Krisján Kristjánsson skoraði sex mörk fyrir Wetzlar.

**Rhein-Neckar Löwen - Grosswallst. 31-23**
Ólafur Stefánsson skoraði þrjú fyrir Löwen og Róbert Gunnarsson eitt. Sverre Jakobsson skoraði ekki fyrir Grosswallstadt.

**Balingen - Hannover-Burgdorf 30-30**
Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði sex mörk fyrir Hannover-Burgdorf, Vignir Svavarsson fimm og Hannes Jón Jónsson tvö.

**Hamburg - Flensburg 32-24**

**Göppingen - Magdeburg 29-17**

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **RN Löwen** | **11** | **9** | **1** | **1** | **349-303** | **19** |
| Kiel | 10 | 9 | 0 | 1 | 339-238 | 18 |
| **Hamburg** | **10** | **9** | **0** | **1** | **329-256** | **18** |
| Füchse Berlin | 10 | 8 | 1 | 1 | 272-245 | 17 |
| **Gummersb.** | **10** | **7** | **0** | **3** | **313-290** | **14** |
| Flensburg | 11 | 7 | 0 | 4 | 332-297 | 14 |
| **Magdeburg** | **10** | **6** | **0** | **4** | **291-278** | **12** |
| Göppingen | 10 | 5 | 2 | 3 | 281-268 | 12 |
| **Grosswallst.** | **11** | **6** | **0** | **5** | **300-306** | **12** |
| Lemgo | 10 | 4 | 2 | 4 | 281-278 | 10 |
| **Balingen** | **10** | **3** | **3** | **4** | **277-300** | **9** |
| Lübbecke | 10 | 3 | 1 | 6 | 280-297 | 7 |
| **Friesenheim** | **11** | **2** | **3** | **6** | **295-331** | **7** |

## Danska úrvalsdeildin

**Álaborg - Skjern 28-33**
Ingimundur Ingimundarson skoraði ekki fyrir Álaborg.

**Bjerringbro-Silkeborg - AG 28-33**
Snorri Steinn Guðjónsson skoraði fjögur mörk fyrir AG en Arnór Atlason ekkert. Hann meiddist í leiknum.

**Midtjylland - Lemvig 29-29**
Pétur Pálsson skoraði ekki fyrir Midtjylland, né heldur Elvar Friðriksson fyrir Lemvig.



**ÍSMAÐURINN FAGNAR** Grétar Rafn fagnar marki sínu gegn Tottenham á milli þeirra Younes Kaboul og Luka Modric. NORDIC PHOOTOS/GETTY

# Bale átti ekkert í Grétar

**Grétar Rafn Steinsson skoraði laglegt mark í 4-2 sigri Bolton á Tottenham. Hann fékk það hlutverk að gæta Gareths Bale og var í raun með hann í vasanum. Góður svefn og góð næring var lykillinn að frammistöðu Grétars Rafns.**

**FÓTBOLTI** „Við unnum leikinn, þetta hefur því gengið ágætlega,“ sagði Grétar Rafn Steinsson við Fréttablaðið eftir sigur Bolton á Manchester City um helgina. Grétar Rafn hafði gætur á Gareth Bale í leiknum og kórónaði frábæra frammistöðu með laglegu marki sem kom Bolton í 2-0 forystu.

„Ég fékk engin sérstök fyrirmæli fyrir leikinn um hvernig ég ætti að taka á Bale. Hann er frábær leikmaður, sterkur og fljótur. En ég mæti góðum leikmönnum í hverri einustu viku og það þýðir ekki að hugsa of mikið um svona lagað. Þá fer þetta í hausinn á manni. Ég svaf vel og nærðist vel fyrir leikinn. Það er best að hafa það þannig,“ segir Grétar Rafn. „Ef maður er í þokkalegu standi og sinnir sinni vinnu þá ber það oft árangur. Það var engin breyting þar á í þessum leik.“

Bale hefur slegið í gegn með Tottenham á leiktíðinni og fór til að mynda illa með Brasilíumanninn Maicon þegar liðið vann 3-1 sigur á Evrópumeisturum Inter í síðustu viku. En hann náði sér aldrei á strik um helgina og það var ekki fyrr en undir lok leiksins að Tottenham sýndi mótspyrnu í leiknum. Þá var staðan orðin 3-0 fyrir Bolton.

„Þetta var fínn leikur hjá okkur. Það var mikið búið að tala um

> Ég var orðinn frekar þunglyndur á að spila þennan bolta sem við vorum að gera hjá Gary Megson.
>
> **GRÉTAR RAFN STEINSSON**
> LEIKMAÐUR BOLTON WANDERERS

þennan leik og við vorum mjög sáttir. Við spiluðum vel og leyfðum þeim ekki að spila sinn venjulega leik. Við lokuðum á öll svæði og nýttum svo þau færi sem við fengum,“ segir Grétar Rafn.

Hann skoraði sitt fyrsta mark á leiktíðinni en alls hefur hann skorað fimm mörk í tæplega 100 leikjum með Bolton. „Ég hef reyndar verið ósáttur í gegnum tíðina með hversu lítið ég hef skorað. En það var gott að skora í þessum leik – það styttir biðina í næsta mark.“

Bolton er í sjötta sæti deildarinnar sem stendur og gott gengi liðsins hefur komið mörgum á óvart. „Við erum með sterkara lið en á síðustu leiktíð og byrjunin á tímabilinu hefur ekki komið okkur á óvart,“ segir Grétar Rafn og bætir við að það hafi breytt miklu að fá Owen Coyle sem knattspyrnustjóra en hann tók við af Gary Megson sem var rekinn á síðustu leiktíð.

„Það er himinn og haf á milli þessara tveggja manna. Ég var orðinn frekar þunglyndur á að spila þennan bolta sem við vorum að gera hjá Megson. Það hentar mér mun betur að vera í liði sem leggur áherslu á að spila boltanum frekar en að negla honum fram.“

Grétar fékk strax að vita um leið og Coyle kom að hann væri hans fyrsti kostur í stöðu hægri bakvarðar.

„Hann er bara með sína föstu varnarlínu og ég er mjög ánægður með að vera hluti af henni. Það hefur aldrei orðið nein breyting þar á. Hann er frábær stjóri og hefur sýnt mér mikið traust. Þá launar maður honum það til baka,“ segir Grétar.

Hann skipti einnig um númer fyrir leiktíðina – úr fimmtán í tvö. „Stjórinn sagði mér bara að vera númer tvö. Hann vill vera með sinn hægri bakvörð í þessari treyju. Það voru engar rökræður um það – ég bara hlýddi. Enda skiptir það mig engu máli hvaða númer ég er með á treyjunni. Aðalmálið er að fá að spila.“

Grétar segir að lífið í Bolton sé gott. „Hér er frábært að vera. Félagið er frábært, ég er ánægður með stjórann og liðið er mjög gott. Ég er í toppstandi og líður vel. Ef það er tilfellið þá spilar maður líka vel, eins og raunin er nú.“

eirikur@frettabladid.is



**VETTEL** Fagnaði sigrinum vel og innilega í Brasilíu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Formúla 1 í Brasilíu:

# Spenna í titilbaráttunni

**FORMÚLA 1** Sigur Sebastians Vettel í brasilíska kappakstrinum í Formúlu 1 um helgina heldur spennu í stigakeppni ökuþóra fyrir lokamót tímabilsins í Abu Dhabi um næstu helgi.

Red Bull tryggði sér þó heimsmeistaratitilinn í flokki bílasmiða þar sem ökumenn liðsins, þeir Vettel og Mark Webber, urðu í tveimur efstu sætunum um helgina.

Spánverjinn Fernando Alonso varð í þriðja sæti og er efstur í stigakeppni ökuþóra fyrir lokahelgina. Lewis Hamilton varð fjórði en á litla sem enga möguleika á titlinum. Félagi hans hjá McLaren, Jenson Button, er úr leik í baráttunni.

Alonso dugir annað sætið um næstu helgi til að tryggja sér titillinn. Þeir Vettel og Webber koma næstir í stigakeppninni og eru þeir einu sem eiga raunhæfan möguleika á að skáka Alonso. - esá



**BARÁTTA** Simao Sabrosa, leikmaður Atletico, og Sergio Ramos berjast um boltann í gær. NORDIC PHOTOS/AGP

Spænska úrvalsdeildin:

# Real vann grannaslaginn

**FÓTBOLTI Ekkert breyttist á toppi spænsku úrvalsdeildarinnar í gær þar sem bæði Real Madrid og Barcelona unnu leiki sína.**

**Real hafði betur gegn grönnum sínum í Atletico í Madrídarslag. Þeir Ricardo Carvalho og Mesut Özil skoruðu bæði mörk Real á fyrstu 20 mínútunum í 2-0 sigri.**

**Þeir Lionel Messi, David Villa og Pedro voru allir á skotskónum í 3-1 útisigri Barcelona á Getafe. Manu del Moral skoraði mark Getafe úr vítaspyrnu.**

**Real hélt því toppsæti deildarinnar og er með 26 stig eftir tíu leiki, einu meira en Barcelona. Villarreal er svo í þriðja sæti með 23 stig.** - esá


DUROL
BURSTAMOTTAN



- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum

BURSTAGERÐIN
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is


32-liða úrslitum Powerade-bikarkeppni karla lauk um helgina þegar fjölmargir leikir fóru fram:

# Gott fyrir liðið að finna sigurtilfinningu

**KÖRFUBOLTI** Tindastóll vann sinn fyrsta sigur á keppnistímabilinu þegar félagið hafði betur gegn 1. deildarliði Breiðabliks í Smáranum í gær í 32-liða úrslitum Powerade-bikarins en fjölmargir leikir fóru fram um helgina í bikarnum. Lokaúrslit urðu 49-78 fyrir gestina frá Króknum og mátti sjá mikinn styrkleikamun á liðunum. Tindastóll leiddi með 17 stigum í hálfleik og náðu heimamenn aldrei að gera atlögu að gestunum.

Stigaskor leikmanna var nokkuð lágt og var Friðrik Hreinsson hjá Tindastóli atkvæðamestur með 16 stig. Sean Kingsley Cunningham og Helgi Rafn Viggósson skoruðu 11 stig en Helgi tók einnig 13 fráköst. Hjá Breiðablik var Steinar Arason atkvæðamestur með 12 stig.

Þetta er fyrsti sigur Tindastóls á leiktíðinni en félagið hafði tapað öllum leikjum sínum í Iceland Express-deildinni. Það var því vel fagnað í leikslok og vonar þjálfari liðsins, Borce Ilievski, að sigurinn gefi liðinu aukið sjálfstraust.

„Eftir þetta langa sigurleysi þá erum við kátir með sigurinn og það er gott fyrir liðið að finna sigurtilfinningu. Ég vona að þetta gefi okkur aukið sjálfstraust og að við förum að



**GÓÐUR** Friðrik Hreinsson var stigahæstur hjá Tindastóli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

leika betur,“ segir Ilievski en liðið mun fá til sín nýjan leikmann á næstu dögum.

Breiðablik féll úr Iceland Express-deildinni í vor og teflir fram ungum og efnilegum leikmönnum í vetur. Að sögn Sævalds Bjarnasonar, þjálfara Breiðabliks, mun taka tíma að búa til sterkt körfuboltalið í Kópavoginum.

„Liðið hefur tekið miklum breytingum frá síðustu leiktíð og nú erum við að byggja upp nýtt lið. Við töpum fullstórt í þessum leik og það vantaði meiri ákefð í okkar leik. Það mun taka tíma að búa til gott lið.“

Nokkrar athyglisverðar rimmur voru á dagskrá bikarkeppninnar að þessu sinni. Íslands- og bikarmeistarar Snæfells unnu stórsigur á grönnum sínum í Víkingi frá Ólafsvík, 129-45, en 2. deildarlið Patreks gerði sér lítið fyrir og skoraði 76 stig gegn stórveldinu úr Keflavík sem vann þó leikinn næsta örugglega, 99-76.

„Við vorum sáttir eftir leikinn,“ sagði Benedikt Bergmann Arason sem er í forsvari fyrir liðið. Patrekur er fyrst og fremst skipað Patreksfirðingum eins og nafn liðsins gefur til kynna.

„Ég gat ekki betur séð en að Keflavík væri með sitt sterkasta lið. Við bjuggumst auðvitað við slátrun en vorum ákveðnir í að stríða þeim sem gekk svona vel. Þetta er frábært fyrir félagið og við ætlum okkur að fara enn lengra í bikarnum á næsta ári,“ sagði Benedikt. - jjk, esá

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# MÁNUDAGUR Í BÓNUS FISKUR




698 KR.800g

*BÓNUS* ÝSUBITAR Í RASPI 800g
FRYSTIVARA




698 KR.kg

KS ÚTVATNAÐUR SALTFISKUR / STIRTLUSTYKKI




698 KR.kg

*NORÐANFISKUR:* FROSIN ÝSUFLÖK
M.ROÐI OG BEINI




898 KR.kg

*NORÐANFISKUR:* FROSNIR
ÞORSKBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR




579 KR.kg

*NORÐANFISKUR:* FRYSTAR
STEIKTAR FISKBOLLUR




698 KR.kg

*FISKBÚÐIN OKKAR:* FERSKAR
STEIKTAR FISKBOLLUR

PRÓTEINBOMBA




1398 KR.200g

GULL BITAFISKUR/HARÐFISKUR 200g
Rúmlega 80g af próteini í 100g af Gullfiski.

# ALLT Í MATINN Á BETRA VERÐI Í BÓNUS




359 KR. 1 kg

SOLLU SPELTHVEITI
GRÓFT OG FÍNT 1 KG.

ALGJÖRT SÆLGÆTI



298 KR. 500g

AKURSEL LÍFRÆNAR
GULRÆTUR 500G




298 KR. 1kg

EUROSHOPPER FROSIÐ BROKKOLI
OG GRÆNMETISBLANDA 1 kg



98 KR. 1 kg

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA/RAUÐAR




149 KR. 3 fernur

BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI **EPLA/APPELSÍNU 3** x 250g




298 KR. 250g

FROOSH SMOOTHIE ÁVAXTA-ORKUDRYKKUR 250g




Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

ALGJÖRT SÆLGÆTI



598 KR.600g

NÝ UPPSKERA FERSKAR DÖÐLUR 600g



159 KR. 2 stk

EUROSHOPPER FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 STK

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

## > Anthony Hopkins

„Í hvert einasta skipti sem ég reyni að fara á eftirlaun, eða jafnvel hugsa til þess að hætta að leika, kemur umboðsmaður minn með handrit að leikriti.“

***Hinn margrómaði Anthony Hopkins fer með aðalhlutverk í spennumyndinni Fracture, sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld klukkan 22.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR MEÐ VHS UM HELGAR

# *Lífin lifa ennþá góðu lífi*

Er til eitthvað betra en gamlir klassíkerar á sunnudegi? Gamlir klassíkerar á VHS. Eitthvað varð til þess að ég rambaði á Nýtt líf þegar Reykjavíkurregnið bankaði lárétt á gluggann minn og bað mig vinsamlegast að halda mig innan dyra. Á móti mér tóku Eggert og Karl Ágúst, hressir og kátir, staupandi sérrí á Hótel Borg. Þetta var þegar það mátti reykja inni og þjónarnir voru með þverslaufur. Góðir tímar. Vestmannaeyjar heilsa hetjunum okkar með svipuðum hætti og Reykjavík tók á móti mér á meðan ég fylgdist með. Björk, hakakross, innyfli og endaþarmsstílar (hér skal athuga að þetta eru með öllu ótengd orð) eru bara eitt af þeim undarlegu og ómissandi atriðum sem gefa Nýju lífi, líf.

Það er eitthvað við þennan gamla, góða húmor. Í gamla daga var hægt að gera myndir fyndnar og gera þær einhvern veginn ódauðlegar. Þær eru ennþá fyndnar í dag. En er það af sem áður var? Tapast eitthvað með því þegar fólk er orðið sjóaðra í bransanum og það er ekki í boði lengur að eyða filmu í að spinna og vera með fíflalæti. Munu Fóstbræður ennþá verða fyndnir eftir tuttugu ár? Já, reyndar. En Spaugstofan? Hreinlega veit ekki.

Ég játa það skömmustulega að ég hef aldrei komið til Vestmannaeyja. Þegar Landeyjahöfnin var opnuð með gríðarlegum stæl á dögunum hugsaði ég mér þó gott til glóðarinnar og var strax farin að undirbúa ferð til Eyja í huganum. Taka smá sprang, borða lunda og svoleiðis. Eftir áhorf Nýs lífs kviknaði þessi hugmynd aftur, en hún fór að dala um leið og Landeyjahöfn. Spurning um að skella sér bráðlega, samt. Hreinsa einn fisk eða svo og súpa á sérríi að gömlum og góðum sið.




## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Ísland - Eyjan sjóðandi** Svisslendingurinn Hans Nick ferðaðist um Ísland á sjöunda áratug síðustu aldar og gerði heimildarkvikmynd.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Landinn** (e)
**18.00 Sammi** (31:52)
**18.07 Franklín** (12:13)
**18.30 Skúli skelfir** (18:52)
**18.40 Raunir Gabríels riddara**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Saga vísindanna – Býðst okkur ótakmörkuð orka?** (4:6) (The History of Science) Heimildarmyndaflokkur frá BBC.
**20.55 Á meðan ég man** (3:9) Þáttaröð gerð í tilefni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins. Þessi þáttur nær yfir árin 1976-1980.
**21.25 Önnumatur** (7:9) (AnneMad) Í þessum þætti útbýr Anne rétti frá New York, meðal annars krabbakökur með mangósósu og núðlusalat með nautakjöti og sítrónugrasi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Handboltinn** Fjallað verður um leiki í N1-deildinni í handbolta.
**22.40 Leitandinn** (18:22) (Legend of the Seeker) Bandarísk ævintýraþáttaröð.
**23.25 Kastljós** (e)
**23.50 Fréttir** (e)
**00.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Baby Mama**
**10.00 Beverly Hills Cop**
**12.00 Space Jam**
**14.00 Baby Mama**
**16.00 Beverly Hills Cop**
**18.00 Space Jam**
**20.00 Mr. Deeds**
**22.00 Fracture**
**00.00 Wings of Desire**
**02.05 Glastonbury**
**04.20 Fracture**
**06.10 Superbad**

## STÖÐ 2

**06.15 Fréttir**
**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Þúsund andlit Bubba**
**10.50 White Collar**
**11.45 Falcon Crest** (22:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (2:24)
**13.25 ET Weekend**
**14.10 Great Expectations**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Ofurmennið, Áfram Diego, áfram!
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (19:25)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (5:19)
**19.45 How I Met Your Mother** (2:22)
**20.10 Extreme Makeover: Home Edition** (8:25) Fimmta þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition.
**21.35 V** (9:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
**22.20 Dollhouse** (6:13) Spennuþáttaröð sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða, svokallaðar „brúður“ sem hægt er að breyta og laga að hverju verkefni fyrir sig.
**23.10 Unhitched** (2:6) Þessir frábæru grínþættir segja frá vinum á fertugsaldri sem öll eru nýlega einhleypir og að reyna að fóta sig í nýjum aðstæðum.
**23.35 Cougar Town** (21:24)
**00.00 Don't Come Knocking**
**02.00 Arrivederci amore, ciao**
**03.50 The Simpsons** (19:25)
**04.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Spænski boltinn: Getafe - Barcelona**
**18.00 Spænski boltinn: Real Madrid - Atl. Madrid**
**19.45 HP Búðarmótið** Sýnt frá HP Búðarmótinu en mótið er hluti af Kraftasportinu en til leiks mæta flestir af sterkustu kraftajötnum landsins.
**20.30 Veitt með vinum** Flottur þáttur þar sem veitt verður í Blöndu og allir helstu leyndardómar þessarar skemmtilegu ár skoðaðir.



**21.00 Spænsku mörkin 2010-2011** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**21.45 Small Potatoes - Who Killed the USFL**
**22.40 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.
**23.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Chelsea**
**15.05 Sunderland - Stoke**
**16.50 Sunnudagsmessan**
**17.50 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.45 WBA - Man. City** Útsending frá leik WBA og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 PL Classic Matches: Manchester City - Tottenham, 1994**
**21.00 Premier League Review 2010/11**
**22.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**22.30 Derby - Portsmouth**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 Spjallið með Sölva** (7:13) (e)
**19.00 Judging Amy** (6:23)
**19.45 Accidentally on Purpose** (15:18) (e)



**20.10 90210** (2:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.
**20.55 Friday Night Lights** (10:13) Dramatísk þáttaröð um ungmenni í smábæ í Texas þar sem lífið snýst um fótboltalið skólans.
**21.45 CSI: Miami** (7:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
**22.35 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.20 Leverage** (8:15) (e)
**00.05 United States of Tara** (5:12) (e)
**00.35 CSI: Miami** (12:25) (e)
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.00 World Golf Salutes King Bhumibol** (1:1)
**12.00 World Golf Salutes King Bhumibol** (1:1) (e)
**15.00 World Golf Championship 2010** (4:4) (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 World Golf Salutes King Bhumibol** (1:1) (e)
**22.50 Golfing World** (e)
**23.40 PGA Tour Yearbooks** (4:10) (e)
**00.30 Golfing World** (e)
**01.20 ESPN America**

## EXTRA

**19.00 The Doctors**
**19.45 E.R.** (1:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
**20.30 Little Britain USA** (2:6) Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Hlemmavídeó** (3:12) Frábærir gamanþættir með Pétri Jóhanni Sigfússyni.
**22.15 The Mentalist** (5:22) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
**23.00 Numbers** (3:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki.
**23.45 The Pacific** (8:10) Magnaðir verðlaunaþættir frá framleiðendum Band of Brothers.
**00.35 Spaugstofan** Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason fara nú yfir atburði liðinnar viku.
**01.00 E.R.** (1:22)
**01.45 The Doctors**
**02.25 Little Britain USA** (2:6)
**02.50 Sjáðu**
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jónu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu** Fjallað um áhrif streitu á hjartað.
**20.30 Nýju fötin keisarans** Steinunn Ketilsdóttir fékk mikið hrós fyrir fyrsta þáttinn.
**21.00 Frumkvöðlar** Þættir Elínóru njóta stórvaxandi vinsælda.
**21.30 Eldhús meistarana** Magnús heimsækir veislueldhús Hyrnunnar í Borgarfirði.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Notalegt jólahlaðborð á Skrúði í hádeginu og á kvöldin



Á Skrúði er indælt að setjast niður með góðum vinum og njóta ljúffengra jólakræsinga í hádeginu eða að kvöldi. Jólahlaðborð alla daga vikunnar frá 25. nóvember.

Jóla-„brunch“ er notaleg og kærkomin tilbreyting í jólaundirbúningnum. Við bjóðum upp á jóla-„brunch“ kl. 11.30–14.00 dagana 27. og 28. nóvember, alla laugardaga og sunnudaga í desember.

*Skrúður er vinalegur staður á aðventunni. Bókaðu núna.*

Borðapantanir á hotelsaga@hotelsaga.is og í síma 525 9900.

Skrúður bistro • restaurant • bar

Skrúður / Radisson BLU Hótel Saga / Sími: 525 9900 / www.skrudur.is

PIPAR • SÍA • 91735

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.35
### V

Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims. Með undraskjótum hætti grípur um sig mikið geimveruæði þar sem áhugi fyrir þessum nýju gestum jaðrar við dýrkun. Einhverjir eru þó ekki eins sannfærðir og grunar að gestirnir séu í raun úlfar í sauðargæru. Þættirnir koma úr smiðju höfunda Lost.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hringsól **14.03** Bak við stjörnurnar **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.0**0 Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.05** Lostafulli listræninginn **23.45** Heimsókn til listamanna **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**12.40** The Weakest Link **13.25** Deal or No Deal **14.00** Monarch of the Glen **14.50** Absolutely Fabulous **15.20** Absolutely Fabulous **15.50** My Family **16.20** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** MDA **20.00** How Not to Live Your Life **20.30** Waking the Dead **21.20** Keeping Up Appearances **21.50** MDA **22.20** How Not to Live Your Life **22.50** Come Dine With Me **23.15** Come Dine With Me **23.40** EastEnders

## DR 1

**12.20** OBS **13.00** DR1 Dokumentaren **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Stor & Lille **16.40** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Jamie Olivers eget køkken **19.00** Lulu og Leon **19.45** Det sode liv **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Miss Marple **22.35** OBS **22.40** Nabokrig **23.10** Naruto Uncut **23.35** Boogie Mix

## NRK 1

**13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Sjukehuset i Aidensfield **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** En Noman i Pakistan **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Puls **19.15** Matlyst **19.45** Smil til det skjulte kamera **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Borgen **21.30** En sterk historie **22.00** Kveldsnytt **22.15** Dalziel og Pascoe **23.55** Nytt på nytt

## SVT 1

**12.20** Tillfällets hjältar **13.10** Flottans överman **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Livet på landet **16.25** Robins **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Ung & bortskämd **20.00** Våra vänners liv **21.00** Grotesco **21.30** A Mighty Wind **23.00** Historiens smartaste svindlare **23.50** Kvinnan i mitt liv







## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„How I Met Your Mother eru í uppáhaldi hjá mér. Þeir eru mjög fyndnir og eiginlega bara nýju Friends. Cougar Town finnst mér líka góðir – svona virkilega steiktur gamanþáttur sem ég get endalaust hlegið að.“*

Guðrún Dögg Rúnarsdóttir, ungfrú Ísland 2009.

# Ásdís Rán mætir í saumaklúbba landsins

„Ég næ yfirleitt ekki að svara öllum þeim fyrirspurnum sem ég fæ í pósthólfið mitt og ákvað því að bjóða upp á svona þjónustu til að gefa konum kost á að hitta mig persónulega og spyrja mig ráða,“ segir Ásdís Rán fyrirsæta en hún kemur til landsins í lok nóvember og býður sig fram til að heimsækja saumaklúbba og vinkonuhópa landsins og gefa góð ráð um allt milli himins og jarðar.

„Þetta er fræðsla, kennsla og ráðgjöf fyrir skvísur á öllum aldri. Ég ætla að vera með sýnikennslu og gefa mér tíma til að sinna hverri og einni eftir bestu getu,“ segir Ásdís og bætir við að hún fái hinar ýmsu spurningar inn á borð til sín. „Vinsælustu fyrirspurnirnar sem ég fæ eru hvernig ég laga á mér hárið, mataræðið, rassæfingarnar og hvernig ég held mér í formi. Ég tel mig vera sérfræðing í þessu öllu,“ segir Ásdís Rán, en þjónustan kostar milli 7-10 þúsund krónur á mann. „Það er bara svipað verð og ráðgjafar og einkaþjálfarar eru að taka en ég stoppa í nokkra klukkutíma og gef góð ráð. Þetta verður svona kósý kvöld með góðu spjalli,“ segir Ásdís, sem er nýflutt til München í Þýskalandi þar sem eiginmaður hennar Garðar Gunnlaugsson spilar knattspyrnu. „Mér líst ágætlega á þetta. Við búum í notalegu fjölskylduhverfi og krakkarnir eru mjög ánægðir hérna,“ segir Ásdís. Hægt er að senda henni pantanir og fyrirspurnir varðandi ráðgjafakvöld Ásdísar á netfangið asdis@model.is. **- áp**



**SÉRFRÆÐINGUR** Ásdísi býðst til að heimsækja vinkonuhópa og saumaklúbba landsins og gefa persónulegar ráðleggingar varðandi útlit og heilsu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Dvöl finnska rithöfundarins Sofi Oksanen á Íslandi hefur vakið mikla athygli en hún var stödd í Reykjavík til að veita bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs viðtöku. Sofi var síðan í viðtali á Rás 2 þar sem **Linda Blöndal** hugðist spyrja hana spjörunum úr en þeirra spjall varð heldur stutt og skorinort því Sofi húðskammaði Lindu í beinni útsendingu. Og fékk bágt fyrir hjá fjölmörgum netverjum sem á hlustuðu og tóku upp hanskann fyrir útvarpskonuna.



**Silja Aðalsteinsdóttir**, fyrrum ritstjóri Tímarits Máls og menningar, fór með Sofi og unnusta hennar út á Reykjanes. Og í Reykjanesbæ var henni tekið sem rokkstjörnu, íbúarnir jafnvel föðmuðu Finnann að sér. Sem tók ágætlega í atlot þeirra. Í Grindavík voru einhverjir unglingsdrengir hrifnastir af hárinu hennar og reyndu að kasta í hana snjóboltum með ekki betri árangri en svo að þeir lentu í hárinu á Silju.



Silja aðstoðaði **Sofi** og manninn hennar við að skipuleggja smá ferðalag út á landsbyggðina. Þau leigðu sér bíl og skoðuðu meðal annars Gullfoss, Geysi, Húsafell og Snæfellsnes. Sofi fór síðan af landi brott í gær en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var hún hæstánægð með dvölina hér á landi, ólíkt því sem margir kynnu að halda. **- fgg**



**ÓHRÆDD** Hlín hefur slegið í gegn með hispurslausum bloggfærslum um samskipti kynjanna. Hún segir ýmislegt mega betur fara í íslenskri stefnumótamenningu – eða ómenningu eins og hún kallar hana stundum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Pétur Óli Jónsson

Frambjóðandi til

Stjórnlagaþings

Númer 9497



Þjóðareign 1 gr:

“Þjóðareign er það sem er í eigu íslensku þjóðarinnar, í eigu *allra* þeirra sem eru með íslenskt *ríkisfang. Ekki má selja það* sem er í þjóðareign til einstaklinga eða lögaðila. Ekki er heimilt að framselja þjóðareign til erlendra ríkja eða erlenda stofnana...

...Langvarandi notkun eða nýtingaréttur *skapar ekki eignarétt* og ekki er hægt að gera kröfu á að nýtingaréttur erfist. *Ekki er heimilt* að veðsetja þjóðareign.”

Tillögur mínar í heild sinni að skilgreiningu Þjóðareignar og önnur baráttumál má nálgast á heimasíðu minni:

www.PeturOli.com


HLÍN EINARSDÓTTIR: UNDIRBÝR STELPUVEF ÞAR SEM EKKERT ER BANNAÐ

# Konur hafa mikinn áhuga á kynlífi og karlmönnum

„Við ætlum að búa til stelpupartí. Þar sem stelpur eru með stelpum og ekkert er bannað,“ segir Hlín Einarsdóttir, ritstjóri vefmiðilsins Bleikt.is, sem opnar á næstu vikum.

Hlín vinnur nú að opnun Bleikt.is, en vefurinn verður fyrst og fremst ætlaður konum. Hún tekur þó fram að karlmenn muni ekki síður hafa gagn af vefnum þar sem þeir geti séð það sem konur tala um þegar þeir eru víðsfjarri.

„Konur hafa mikinn áhuga á kynlífi og karlmönnum. Þær sem segjast ekki hafa áhuga á því eru að ljúga,“ segir Hlín, sem er 33 ára tveggja barna móðir og starfaði áður sem net- og dreifingarstjóri bókaforlagsins Sölku. „Karlmenn grunar ekki hversu svakalega frjálslegar við erum. Ef það kemur einn gaur í partíið þá breytist allt. Við elskum svona partí og stefnan er að það sé ekkert tabú og ekkert bannað.“

Aðspurð hvort kynlíf verði áberandi á vefnum segir Hlín svo vera. „Það er mikilvægt að konur séu meðvitaðar um kynferði sitt og séu stoltar af því. Við þurfum ekki að berjast fyrir réttindum kvenna, við erum konur með réttindi,“ segir hún.

Hlín byrjaði að skrifa pistla á Pressunni í byrjun sumars og hefur síðan þá vakið mikla athygli. Hún er óhrædd við að tjá sig um samskipti kynjanna á hispurslausan hátt og hefur meðal annars skrifað um það sem konur þola ekki við karlmenn og atriði sem drepa möguleikann á öðru deiti eftir það fyrsta. Þá vakti pistill hennar um kynþokka og greind kvenna gríðarlega athygli.

Á síðunni þinni eru ýmis ráð í sambandi við stefnumót sem maður hefði haldið að væru almenn skynsemi. Erum við í ruglinu að þessu leyti?

„Svolítið mikið. Mér finnst að íslensk deitmenning mætti batna. Það mætti ýmislegt breytast.“

En hvar lærðir þú? Bjóstu erlendis eða býrðu yfir mikilli reynslu af deitmenningunni á Íslandi?

„Ég þekki mikið af fólki sem hefur búið erlendis og þar virðast vera allt aðrar reglur en eru í gangi hér. Ég var gift í 10 ár, kom svo út á *markaðinn* og var í raun steinhissa á því hversu vanþróuð, stíf og ruglingsleg þessi *menning*, eða ómenning eins og ég kalla hana stundum, er. Hér fer fólk mikið á fyllerí til að kynnast fólki eða sofa saman og þetta er eitthvað svo sorglegt. Með síðunni ætlum við að breyta þessu.“

**atlifannar@frettabladid.is**

# Fékk menningarsjokk í Kína

„Þetta var rosaleg lífsreynsla. Við vorum að upplifa nýja hluti á hverjum einasta degi,“ segir Fanney Ingvarsdóttir, ungfrú Ísland. Hún er nýkomin heim eftir að hafa tekið þátt í keppninni Ungfrú heimur í Kína.

Fanney dvaldi í einn mánuð í Kína. Hún komst ekki áfram í úrslitin en er ekkert svekkt yfir því. „Við stelpurnar töluðum um hver við héldum að gæti unnið og margar af þessum ákvörðunum komu á óvart. Ég fékk að heyra það frá fullt af stelpum að ég yrði í topp 25. En lokakvöldið var ógeðslega skemmtilegt og rosalega góður endir á góðri ferð.“

Fanney kynntist ungfrú Bretlandi mjög vel í Kína og ætlar að heimsækja hana á næsta ári. „Við náðum voða vel saman og hún er þvílíkt yndisleg stelpa. Hún býr rétt fyrir utan London og ég hef aldrei komið til London.“

Hún segir að það hafi komið sér á óvart hversu lítið keppendurnir þekktu til Íslands. „Ég þurfti að sýna öllum á landakorti hvar Ísland væri. Ég var hálfmóðguð, verð ég að segja.“ **- fb**



**KOMIN HEIM** Fanney Ingvarsdóttir er komin heim til Íslands eftir mánaðardvöl í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Auglýsingasími

512 50 50



Allt sem þú þarft...


300.000
taco seldar á Íslandi
og af því tilefni bjóðum við upp á tvö fáránlega góð tilboð:
TILBOÐ 1
499 KR.
Taco Supreme®
Volcano Taco
Mountain Dew í flösku
Nachos með ostasósu
TILBOÐ 2
699 KR.
Taco Supreme®
Volcano Taco
Fiesta kartöflur
Eplabaka
Mountain Dew í flösku
Þetta fáránlega tilboð gildir í Taco Bell, Hafnarfirði og Grafarholti, 8.-15. nóvember
Grafarholti | Sími 588 6959
Hjallahrauni 15 | Sími: 555 0828 | www.tacobell.is
HUGSAÐU™ ÚT FYRIR BRAUÐIÐ
TACO BELL
PIPAR\TBWA • SÍA • 102790

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Reynsluboltar í liðið

**Baltasar Kormákur** heldur áfram að safna liði fyrir Hollywood-kvikmynd sína Contraband. Fréttablaðið hefur áður greint frá því að leikmyndahönnuðurinn Tony Fanning hafi ráðið sig til kvikmyndarinnar og nú hefur tökustaðastjórinn Peter J. Novak verið fenginn til að finna hentuga tökustaði. Novak er enginn nýgræðingur heldur hefur unnið að kvikmyndum á borð við V for Vendetta, The Matrix Revolutions og stórmyndina Troy sem Brad Pitt lék í.



### Verður heima um jólin

**Anna Mjöll Ólafsdóttir** heldur áfram að heilla ameríska djassgeggjara upp úr skónum með rödd sinni og mun syngja á næstunni á mörgum af þekktustu djassklúbbum heims, þar á meðal Vibrato og Baked Potato. Íslenskir tónlistaráhugamenn ættu heldur ekki að örvænta því samkvæmt tónleikaplani Önnu Mjallar er ráðgert að hún haldi tónleika á Kaffi Rósenberg 19.desember næstkomandi.



### Þakklæti Bubba

**Bubbi Morthens** hefur farið hamförum á bloggsíðu sinni að undanförnu og í nýjasta pistli sínum, sem ber nafnið Þakklæti, þakkar hann fyrir það stóra og smáa í lífinu. Þar þylur hann meðal annars upp nokkra af göllum sínum, segist vera hvatvís, hlaupi oft fram úr sér, segi hluti sem hann sjái eftir, sé með raskanir og bresti – suma sem hann hafi þó náð að laga. Pistillinn, sem er stórskemmilegur, hefst á þessum orðum: „Vá hvað ég er þakklátur… yfir svo mörgu. Til dæmis að vakna við hliðina á tuttugu árum yngri konu á hverjum morgni.“

- fgg



## Mest lesið VÍSIR.IS


1 Vínbúðirnar heyra nú beint undir Steingrím
2 Klipptu á borðann í snjóbyl
3 Reyndu að ræna formúlukappa
4 Skrímsladeildir virkjaðar
5 Ríkir sjóræningjar



Office1

Fyrirtækjaþjónusta

ÓDÝR REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is



NÓVEMBER TILBOÐ!

30% AFSLÁTTUR



CORSICA
Queen Size (153x203cm)
- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tvíhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

Fullt verð 230.000 kr.
VERÐ NÚ 161.000 kr.

30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM KING KOIL RÚMUM Í NÓVEMBER

30% AFSLÁTTUR



AMELIA
Queen Size (153x203cm)
- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

Fullt verð 149.700 kr.
VERÐ NÚ 104.791 kr.

30% AFSLÁTTUR



GRAND HAVEN
Queen Size (153x203cm)
- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunarsvampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans

Fullt verð 308.700 kr.
VERÐ NÚ 216.161 kr.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ARGH! 031110